

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTI

Fjölbautaskólinn í Breiðholti

Ytra mat vorið 2022



Virðing – Fjölbreytni – Sköpunarkraftur

Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Magrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson

Ytra mat á starfsemi Fjölbautarskólans í Breiðholti vorið 2022

Skýrsla unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið

Margrét Friðriksdóttir

Unnar Örn Þorsteinsson

Ljósmyndir í skýrslunni tók Unnar Örn Þorsteinsson

ISBN 978-9979-0-2780-5

Heildarniðurstöður

Fjölbautaskólinn í Breiðholti (FB) er elsti fjölbautaskólinn á Íslandi, stofnaður 4. október 1975 og hefur frá upphafi verið í fararbroddi skóla er vinna að virkri tengingu bók-, verk- og listnáms á framhaldsskólastigi. Kvöldskóli hefur starfað í FB frá árinu 1981 og Sumarskólinn frá árinu 1990 en starfsemi hans lagðist af árið 2019. Merki skólans er marggreina tré með stórri krónu og breiðum stofni sem vísar til þess að skólinn er traustur og fjölbreyttur og hin breiða braut vitnar um gott aðgengi að námi. Námið er sniðið að breiðum hópi nemenda og eru gildi skólans virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur. Í skólanum er lögð áhersla á að nýta til fulls kosti áfangakerfisins og fjölbreytt námsframboð til þess að nemendur geti fundið sér nám við hæfi. Við FB er kennt á 18 brautum og fjölmennustu brautirnar eru rafvirkjabraut, húasmiðabraut, opin braut, myndlistabraut, snyrtibraut og félagsvínsindabraut. Kennrar eru 110 og hafa allir lokið háskólaprófi eða fagprófi þar af 40 með MA/MS/M.Ed.próf. Með kennsluréttindi eru 104 kennrar. Mjög öflugt stuðningskerfi er fyrir nemendur í skólanum en þír náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur í 50% starfi og markþjálfir í hlutastarfi veita ráðgjöf og stuðning til nemenda. Þá hafa nemendur á fyrsta ári umsjónarkennara og vinnustofa nemenda, með starfandi sérkennara, er opin á daginn. Kappkostað er að nýta upplýsingatæknina og áhersla er á grunnþætti náms og lykilhæfniþætti aðalnámskrár. Árlega hefur stór hópur nemenda af erlendum uppruna nám við skólann og er áhersla lögð á að mæta þörfum þeirra. Hafi þau litla kunnáttu í íslensku er þeim ráðlagt að fara á sérstaka íslenskubraut fyrir nemendur af erlendum uppruna en annars sækja þau nám á brautum skólans.

Fram kom hjá viðmælendum að skólanum væri vel stjórnað, skólameistari væri drífandi og hrifi fólk með sér. Fagleg forysta væri mjög góð, skólameistari sýndi ákveðna festu og væri einstaklega vel að sér í stjórnenda- og kennslufræðum. Traust til skólameistara hefði aukist á undangengnum árum og gott væri að leita til hans. Fram kom hjá forystumönnum nemenda að samstarf við stjórnendur skólans væri gott og mál þeirra alltaf skoðuð en þau eiga fund með skólameistara einu sinni í viku. Stjórnendateymi FB fundar tvísvar í viku um innri málefni skólans og einu sinni í viku með fagstjórum. Fram kom hjá öllum stjórnendum að teymisvinna þeirra gengi mjög vel og að þau vinni vel saman. Andrúmsloftið væri gott, mikið samráð og samskipti þó verkaskipting væri skýr. Unnið er að því að taka skref í átt að meiri deilingu upplýsinga og ábyrgðar innan stjórnendahóps skólans með því t.d. að fagstjórar taka nú starfsmannaviðtöl. Með nýju starfi kennslustjóra hafa skólaþróunarverkefni í FB verið gerð sýnilegri. Í könnun SFR, Stofnun ársins árið 2020 kemur fram að niðurstaða um stjórnun í FB er 4,44 sem er vel yfir öllum stofnunum í könnuninni (4,10) og einnig stofnunum með yfir 100 starfsmenn (4,0).

Í máli skólameistara kom fram að skólabragur, samvera og vellíðan væri kjarni starfseminnar og að í FB geti nemendur verið þeir sjálfir. Gildi skólans væru sýnileg og umgengni góð. Skólasamfélagið einkennist af fjölbreytni. Undir heiti „virðingar, vellíðunar og velferðar“ hefur skólinn sett fram áhersluatriði til að auka vellíðan nemenda. Í rýnihópum nemenda voru nemendur sammála um að í FB líði þeim vel. Þau töldu skólabraginn jákvæðan, þó væri erfitt að koma inn eftir Covid. Fram kom hjá náms- og starfsráðgjöfum að nemendur skólans töluðu um að í FB væri pláss fyrir alla. „Þú getur verið eins og þú ert“. Þá voru viðmælendur almennt sammála um að mjög gott væri að vera og vinna í FB og að starf sandinn væri góður. FB hefur sett sér samskiptasáttmála í átta köflum undir yfirskriftinni; Viðmótt, virðing, fagmennska, umhyggja, skilningur, hreinskilni, jafnræði, viðbrögð. Í könnun SFR fyrir árið

2020 mældist starfsandi 4,45 og einkunn fyrir ánægju og stolt 4,57 og í nýkynntri könnun fyrir árið 2021 mældist starfsandi 4,40 og ánægja og stolt 4,46.

Stefna og markmið skólans eru sett fram í skólanámskrá og birt á heimasíðu skólans. Stefnuskrá FB byggir á sýn skólans, gildum, hlutverki, stefnumiðum og árangursmælikvörðum. Á vorönn 2021 var tekin upp vinna að nýrri stefnumótun skólans í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, en skólinn tekur þátt í skólaneti UNICEF. Stefnumótunin var unnin á starfsdegi kennara, á stefnumótunardögum allra starfsmanna og á skólfundi nemenda. Á heimasíðu skólans má finna stefnur og áætlanir einstakra málaflokka. Þær eru jafnréttisáætlun en skólameistari tilnefnir jafnframt jafnréttisfulltrúa, jafnlaunaáætlun en skólinn fékk skírsteini jafnlaunavottunar í nóvember 2020, alþjóðastefna en við skólann starfar alþjóðafulltrúi, persónuverndarstefna en skólinn er með samning við lögfræðing utan skólans sem vinnur með mál sem upp koma. Áætlun gegn einelti og forvarnar- og heilsustefna en FB er heilsuskóli skv. viðmiðum Landlæknisembættis. Þá er forvarnardagur haldinn á hverri önn og tveir félagsmála- og forvarnarfulltrúar starfa við skólann auk teymis um heilsueflandi framhaldsskóla. Öryggisstefna og öryggisnefnd er innan skólans, umhverfisstefna en í umsögn Umhverfisstofnunar fékk skólinn hrós fyrir vel unna stefnu, viðbragðsáætlun og rýmingaráætlun. Áfallaáætlun er aðgengileg á innri vef skólans (TEAMS) og áfallaráð er í skólanum.

Félagslíf í FB er að öllu jöfnu öflugt og margt í gangi, s.s. nýnemakvöld, böll, árshátíð og árshátíðarvika, spilakvöld og kvikmyndakvöld þá er íþróttaviðburður einu sinni í mánuði og Sæludagar sem eru á vorönn. Sæludögum lýkur með árshátíð nemendafélagsins. Nýnemaferð, forvarnadagur og skólaufundur eru viðburðir sem skólayfirvöld og nemendafélagið undirbúa saman. Hins vegar hafa mörg verkefni fallið niður vegna Covid. Stjórn NFB sagði að þau hefðu fina aðstöðu í skólanum og mjög gott samstarf væri við forystu skólans og aðra innan skólans.

Þá er starfandi foreldraráð sem í sitja þrír fulltrúar foreldra og fulltrúi skólans. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólan n efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Í máli fulltrúa foreldraráðs kom fram að aðeins hefði verið einn fundur í foreldraráði vegna Covid. Fulltrúi foreldraráðs taldi styrkleika skólans felast í því að einstaklingurinn fær að njóta sín en áriðandi væri hins vegar að fá aukið kennslurými fyrir verknám enda væri breytt viðhorf nemenda og foreldra til verknáms. Fulltrúi foreldraráðs sagði starfsfólk og kennara FB góða í mannlegum samskiptum og hafa reynst nemendum vel.

Starfsemi FB fer fram í 3 húsum, aðalbygging skólans er við Austurberg 5 og þar er kennsla í bóknámi, listnámi og verknámi. Við Hraunberg 6 stendur verknámshús þar sem fram fer verkleg kennsla í trésmíði og myndlist. Við Austurberg 3 stendur íþróttahúsið sem þjónar nemendum FB og Hólabrekkuskóla. Tækjabúnaður skólans er í stöðugri uppfærslu, en verknámskennsla kallar á góðan tækjabúnað. Að öllu jöfnu er húsnæði skólans aðlaðandi, snyrtilegt, vel við haldið og mætir þörfum skólans. Hins vegar er þróngt um nemendur, þá sérstaklega í húasmíði og rafiðn. Kennslustofur í gánum eru notaðar til að mæta aðsókn í verknámsgreinar. Þá þarf vinnuaðstaða kennara og fagstjóra meira rými. Mötuneyti nemenda er í nýju húsnæði og er bjart og snyrtilegt. Mötuneyti starfsmanna er á kennarastofu en þar hafa starfsmenn lagt til hugmyndir um bættan aðbúnað.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Inngangur	6
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	8
Nemendur og nám.....	8
Starfsmenn.....	18
Viðmið og vísbendingar	21
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag.....	21
1.1. Um stefnu og áætlanir.....	21
1.2. Um stjórnendur	22
1.3. Um skipulag, verklagsreglur.....	22
1.4. Um innra mat	23
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	24
2.1. Um nám og kennslu	24
2.2. Um kennsluaðstæður / stuðning við nemendur	25
2.3. Um námsmat.....	25
2.4. Um kennara.....	26
2.5. Um námsgögn	26
Þáttur 3: Samskipti og líðan	27
3.1. Um skólabrag.....	27
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	27
3.3. Um félagslíf nemenda.....	28
3.4. Um samskipti við foreldra / forráðamenn	28
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	28
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	28
Þáttur 5: Lykilárangur.....	30
5.1. Um námsárangur.....	30
5.2. Um árangur í grunnþáttum	30
5.3. Um langtímaárangur.....	31
Viðaukar – Greinargerð matsmanna.....	32
Umfjöllun um stjórnun og skipulag.....	32
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	41

Umfjöllun um samskipti og líðan.....	45
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	52
Umfjöllun um lykilárangur.....	55
 Heimildir og tilvísanir	58
 Listi yfir töflur	8
 Tafla 1. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2018 – 2022	9
Tafla 1.b. Fjöldi nemenda í kvöldskóla vor og haust 2018 – 2022.....	9
Tafla 2. Þróun í innritun nýnema í dagskóla frá haustönn 2017 til 2021 eftir kyni	12
Tafla 2.b Þróun í innritun nýnema á kvöldskóla á haustönn 2017 til 2021 eftir kyni	12
Tafla 3. Skipting nemenda á námsbrautir í dagskóla á haustönn 2017 til 2021 greind eftir kyni.....	13
Tafla 3.b Skipting nemenda á námsbrautir í kvöldskóla á haustönn 2017 til 2021 greind eftir kyni.....	14
Tafla 4. Viðveruskráning nemenda vorið 2021 og haustið 2021.....	15
Tafla 5. Brotthvarf nemenda í dagskóla haust og vor árin 2017 til 2021	15
Tafla 5.b Brotthvarf nemenda í kvöldskóla haust og vor árin 2017 til 2021	16
Tafla 6. Fjöldi brautskráðra vorin 2017 – 2021 á hverri námsbraut og alls.....	16
Tafla 7. Meðalstaerð námshópa vor 2021 og haust 2021.....	18
Tafla 8. Starfsheiti og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2021.....	18
Tafla 9. Menntun kennara	19
 Listi yfir línurit	5
 Línurit 1. Hvaðan koma nemendur í dagskóla (póstnúmer, haust 2021 og vor 2022	9
Línurit 2. Hvaðan koma nemendur í kvöldskóla (póstnúmer, haust 2021 og vor 2022..	10
Línurit 3. Fjöldi nemenda í dagskóla á vorönn 2021 eftir aldri og kyni.....	10
Línurit 3.b Fjöldi nemenda í dagskóla á haustönn 2021 eftir aldri og kyni	11
Línurit 4. Fjöldi nemenda í kvöldskóla á vorönn 2021 eftir aldri og kyni	11
Línurit 4.b Fjöldi nemenda í kvöldskóla á haustönn 2021 eftir aldri og kyni.....	12
 Listi yfir myndir	5
 Mynd 1. Skipurit	34
Mynd 2. Námsaðstaða	43
Mynd 3. Skipulag rýmis í FB	51

Inngangur

Þessi skýrsla um ytra mat á starfsemi Fjölbautaskólans í Breiðholti er unnin í samræmi við reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólam fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti. Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og réð Margréti Friðriksdóttur og Unnar Örn Þorsteinsson til að vinna matið. Þau eru höfundar þessarar skýrslu og hófu vinnu við hana í febrúar 2022.

Skýrsluhöfundar heimsóttu Fjölbautaskólann í Breiðholti í mars 2022. Tilgangurinn með heimsókninni var að meta og upplifa skólabrag og starfsemi skólans í samfylgd stjórnenda, kennara, nemenda og starfsmanna skólans.

Í fyrsta hluta skýrslunnar koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi Fjölbautaskólans í Breiðholti. Í öðrum hluta er fjallað um mat skólans á eigin starfsemi (S) sem og mat skýrsluhöfunda (M) á sömu þáttum. Þriðji hluti skýrslunnar eru viðaukar þar sem er að finna rökstuðning skýrsluhöfunda við spurningum í matslistum. Fjórði hluti skýrslunnar tekur fyrir þau gögn og þær heimildir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar ytra mati á Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

Síðan árið 1996 hafa framhaldsskólar unnið að innra mati (sjálfsmati) á starfsemi sinni í samræmi við framhaldsskólolög. Í lögnum frá árinu 1996 var menntamálaráðuneytinu ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögnum frá árinu 2008 voru eftirlitsskyldu ráðuneytisins auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólahaldi framhaldsskóla. Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólam skal framhaldsskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Virkt mat skal samofið annarri starfsemi skóla. Það skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á og matið skal byggja á fjölbreyttum gögnum.

Í janúar árið 2022 sendi Menntamálastofnun Fjölbautaskólanum í Breiðholti bréf um fyrirhugað ytra mat þar sem honum var falið að skipuleggja eigið mat með hliðsjón af því. Eigið mat skólans byggir, meðal annars, á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og barnamálaráðuneytið hefur sett. Eftirtaldir þættir eru til viðmiðunar:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrá
(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrrar endurskoðunar

Skýrsluhöfundar meta starfsemi skólans út frá sömu þáttum og sú útkoma birtist einnig í niðurstöðum matsins til að ýta undir áreiðanleika þess.

Helstu gögn sem skýrsluhöfundar nýttu við ytra matið voru:

- 1 Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna. Hér má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, fyrirkomulag starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, viðveru nemenda, brotthvarf frá námi, forfallakennslu, samninga og skýrslur.
- 2 Vefsvæði skólans (<https://www.fb.is>). Á vefsvæði skólans voru sótt ýmis gögn er varða stefnu skólans, skipulag og starf.
- 3 Vettvangsheimsókn í Fjölbautaskólann í Breiðholti, umræður í rýnihópum og samtöl við stjórnendur. Valið var í rýnhópa nemenda og starfsmanna með stýrðu slembivali. Fjölbautaskólinn í Breiðholti sá um að boða viðmælendur til funda og rætt var við stjórnendur (skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, kennslustjóra, fjármálastjóra), gæðastjóra og gæðaráð, rýnhóp kennara, rýnhóp fagstjóra, rýnhóp annara starfsmanna, hóp náms- og starfsráðgjafa, two rýnhópa nemenda, stjórn nemendafélags og félagsmálafulltrúa, fulltrúa úr stjórn foreldraráðs og formann skólanefndar. Viðmælendur voru alls 48.

Á þessum grundvelli fór fram greining gagna. Skýrsluhöfundar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir mati skýrsluhöfunda má sjá í þriðja hluta þessarar skýrslu.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum sem þátt töku í ytra mati á Fjölbautaskólanum í Breiðholti fyrir þeirra þátttöku. Þátttakendur í rýnhópum og viðtölum veittu ýmsar upplýsingar um helstu gögn sem ytra matið byggir á.

Fjölbautaskólinn í Breiðholti

Fjölbautaskólinn í Breiðholti (FB) var fyrsti fjölbautaskólinn á Íslandi, stofnaður 4. október 1975, segir í formála að almennum hluta skólanámskrá skólans frá því í ágúst 2018. Skólinn hefur frá upphafi verið í fararbrotti skóla er vinna að virkri tengingu bók-, verk- og listnáms á framhaldsskólastigi. Kvöldskóli FB hefur starfað frá árinu 1981 og Sumarskólinn í FB frá 1990.

Ennfremur kemur fram að verkefni skólans er að mennta fólk. Að eiga hlutdeild í því að miðla þekkingu, verkkunnáttu, hæfni og visku milli kynslóða. Af aldalantri reynslu vita menn að nám krefst góðrar ástundunar og sjálfsaga. Kennararnir hjálpa nemendum að skipuleggja nám sitt og veita þeim nauðsynlegt aðhald. Til að námið beri árangur þarf nemandinn að vinna jafnt og þétt að settum markmiðum og lifa heilbrigðu lífi.

Einkunnarorð skólans eru:

Virðing Fjölbreytni Sköpunarkraftur

Kennslufræðileg stefna Fjölbautaskólans í Breiðholti byggir á jafnri áherslu á bóknám, listnám og verknám, og er námið sniðið að fjölbreyttum hópi nemenda. Grunngildi aðalnámskrár eru höfð að leiðarljósi í námi og kennslu. Kostir áfangakerfisins eru nýttir til fulls í skipulagi starfsins og fjölbreytt námsframboð er til þess að nemendur geti fundið sér nám við hæfi.

Nemendur og nám

Fjölbautaskólinn í Breiðholti býður upp á 18 námsbrautir í bóknámi, listnámi og verknámi. Undir bóknám falla: félagsvísendabraut, framhaldsskólabraut, íþróttabraut, náttúruvísendabraut, opin braut, starfsbraut, tölvubraut og braut fyrir íslensku sem annað tungumál. Undir listnám falla: fata og textílbraut, myndlistarbraut, og nýsköpun hönnun og listir. Undir verknám falla: húsasmíðabraut, rafvirkjabraut, sjúkraliðabraut, sjúkraliðabréu, snyrtibraut og stúdentsbraut. Bóknámsbrautirnar miða við 200 eininga nám og frjálst val er frá 22 einingum upp í 77 einingar, val á tölvubraut er bundið við ákveðnar greinar. Listnámsbrautirnar miða við 200 eininga nám utan nýsköpun hönnun og listir þar sem miðað er við 65 eininga nám í kjarna og 15 eininga nám í vali. Inntökuskilyrði á námsbrautir eru tilgreind á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Nemendur sem ekki standast námskröfur úr grunnskólam hefja nám á framhaldsskólabraut en þar eru áfangar á fyrsta hæfniþrepi og þurfa nemendur að ljúka því námi til að komast á þá námsbraut sem hugur þeirra stendur til. Aðrir nemendur hefja nám á öðru hæfniþrepi í kjarnagreinum. Miðað er við að nám á stúdentsbrautum taki 6 til 7 annir. Í verknámi telur nám húsasmíðabraut 240 einingar, rafvirkjabraut 260 einingar, sjúkraliðabraut 204 einingar, sjúkraliðabréu fyrir þá sem hafa 5 ára starfsreynslu og eru orðnir 23 ára er 143 einingar, snyrtibraut 225 einingar, og stúdentsbraut telur 200 einingar. Fjölbautaskólinn í Breiðholti á í samstarfi við atvinnulífið í tengslum við verknámsbrautir, erlent samstarf er m.a. Erasmus verkefni, og skólinn tekur þátt í samstarfi og samtali við

aðra framhaldsskóla, grunnskóla og nærsamfélagið í Breiðholti. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður upp á nám í kvöldskóla.

Fjöldi nemenda

Eins og fram kemur í töflu eitt eru nemendur flestir í dagskóla haustið 2021 eða 1223, en fæstir á vorönn 2020 eða 997. Hér munar alls 226 nemendum. Auk þess kemur fram að nemendur á vorönn eru jafnan færri en á haustönn, og er munurinn mestur árið 2020 eða 221 nemandi. Tafla eitt ber það með sér að ákveðin stígandi er í aðsókn að skólanum frá árinu 2018 til ársins 2022.

Tafla 1.

Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2018–2022. Stöðug fjölgun nemenda hefur átt sér stað á þessu tímabili og hefur nemendum á haustönn fjöldað um 133.

	2018		2019		2020		2021		2022	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Vor	
Fjöldi nem.	1090	1083	1095	1020	1198	997	1223	1180	1107	

Tafla 1.b sýnir fjölda nemenda í kvöldskóla FB og sýnir að vorið 2022 eru 646 nemendur í námi. Haustið 2018 voru 357 nemendur í námi í kvöldskólanum og taflan sýnir að eftirspurn eftir námi eykst jafnt og þétt, eða um tæp 53% frá vori 2018 fram að vori 2022.

Tafla 1b.


Fjöldi nemenda í kvöldskóla vor og haust 2018–2022

	2018		2019		2020		2021		2022	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Vor	
Fjöldi nem.	357	340	420	373	536	782	599	579	646	

Nemendur í dagskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti koma flestir úr póstnúmerum 108 til 111. Og nemendafjöldi fylgist að þegar boríð er saman dagskóli og dreifnám eða kvöldskóli. Eftirtektarvert er hve víða að nemendur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti koma eins og fram kemur í línuriti 1.

Línurit 1.


Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – haust 2021 og vor 2022).



Í línuriti tvö kemur fram að nemendur í kvöldskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti koma víða að eins og gildir um dagskólann. Nemendafjöldi að hausti 2021 er samtals 598, en að vori 2022 eru nemendur aðeins fleiri eða 646. Nemendafjöldi á haustönn 2021 dreifist nokkuð jafn, en á vorönn 2022 koma 224 nemendur inn í Fjölbrautaskólann í Breiðholti úr póstnúmerinu 101 samanber innsend gögn frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

Línurit 2.

Hvaðan koma nemendur í kvöldskóla haustið 2021 og vorið 2022 út frá póstnúmeri



Línurit 3.


Fjöldi nemenda á vorönn 2021 eftir aldri og kyni



Í línuriti 3.b kemur fram að flestir nemendur í dagskóla eru fæddir upp úr aldamótum. Stúlkur eru 602 og piltar eru samtals 611. Kynjahlutfall í dagskóla Fjölbautaskólans í Breiðholti er því nokkuð jafnt. Upplýsingarnar fyrir línurit þrjú og fjögur eru unnin úr gögnum frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

Línurit 3.b


Fjöldi nemenda í dagskóla á haustönn 2021 eftir aldri og kyni



Í línuriti fjögur kemur fram að aldursdreifing í kvöldskólanum á vorönn 2021 er jafnari en í dagskólanum, þó eru flestir nemendur í kvöldskólanum fæddir eftir aldamótin árið 2000, og munar þar mest um fjölda pilta sem eru 361 á móti 218 stúlkum. Í kvöldskóla Fjölbautaskólans í Breiðholti eru piltar því umtalsvert fleiri en stúlkur á vorönn 2021.

Línurit 4.


Fjöldi nemenda í kvöldskóla á vorönn 2021 eftir aldri og kyni



Í línuriti 4.b kemur fram að aldursdreifing í kvöldskólanum haustönn 2021 er jafnari en í dagskólanum, og eru flestir nemendur í kvöldskólanum fæddir eftir aldamótin árið 2000, og munar þar mest um fjölda pilta sem eru 390 á móti 209 stúlkum. Í kvöldskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti eru piltar því áfram umtalsvert fleiri en stúlkur á haustönn 2021.

Línurit 4.b

Fjöldi nemenda í kvöldskóla á haustönn 2021 eftir aldri og kyni



Tafla tvö sýnir þróun í innritun nýnema að hausti frá árinu 2017 til ársins 2021. Öll árin er nokkuð jöfn kynjaskipting í hópi nýnema. Heildarfjöldi nýnema var mestur árið 2017 eða 367 en minnstur árið 2019 eða 270.

Tafla 2.

Þróun í innritun nýnema í dagskóla á haustönn 2017 og vorönn 2021 eftir kyni.

Ár	Karlar	Konur	Aðrir
2017	160	167	
2018	149	121	
2019	137	151	
2020	158	162	
2021	155	172	9

Tafla tvö b sýnir þróun í innritun nýnema í kvöldskóla að hausti frá árinu 2017 til ársins 2021. Öll árin eru piltar nokkuð fleiri en stúlkur. Heildarfjöldi nýnema var mestur árið 2019 eða 118, en minnstur árið 2017 eða 60. Þessi þróun er í takt við aukna aðsókn að kvöldskóla Fjölbautaskólans í Breiðholti.

Tafla 2b.

Þróun í innritun nýnema í kvöldskóla á haustönn 2017 og vorönn 2021 eftir kyni.

Ár	Karlar	Konur
2017	38	22
2018	53	38
2019	71	47
2020	70	47
2021	71	38

Tafla þrjú sýnir fjölda nemenda í dagskóla á námsbraut eftir kyni frá árinu 2017 til ársins 2021. Mestur fjöldi nemenda á tímabilinu sækir nám á stúdentsbraut – opin lína. Stúlkur eru í meirihluta nemenda á félagsvísbraut, snyrtibraut og sjúkraliðabraut. En drengir eru í meirihluta nemenda á húsasmíðabraut rafvirkjabraut, íþróttabraut og tölvubraut. Af einstökum brautum er mestur fjöldi nemenda á opinni ótilgreindri námsbraut innflytjenda.

Tafla 3.

Skipting nemenda á námsbrautir í dagskóla haust 2017–2021 greind eftir kyni.

Námsbrautir	2017		2018		2019		2020		2021		X og óskráð	samtals
	kk	kvk										
Starfsbraut	26	17	25	21	24	22	28	25	25	25		238
Félagsvísbraut	55	113	45	87	27	72	30	76	23	60		588

Hugvísindabraut	6	21	3	11	6	6	4	3	3	1		64
Náttúruvísindabraut	41	40	30	27	34	18	24	22	28	19		283
Íþróttabraut	46	28	41	18	44	12	40	8	34	10		281
Tölvubraut	82	8	70	7	65	5	65	4	54	3		363
Framhaldsskólabraut	48	33	36	22	34	25	23	26	33	18		298
Opin braut- Ótilgreind braut - Innflytjendabraut	33	51	57	75	60	94	71	98	66	95		700
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	6	6	3	7	2	6	6	3	4	2		45
Íslenskubraut fyrir útlendinga									9	10	8	27
Fata- og textílbraut	5	35	2	33	7	35	5	32	5	32		191
Myndlistarbraut	40	111	33	93	32	84	36	91	33	83		636
Nýsköpunarbraut	13	1	12	2	10	8	5	3	3	2		59
Nýsköpun, hönnun og listir- 1 árs fornám							3	11	1	13		28
Húsasmíðabraut	75	5	70	3	79	5	104	8	145	9		503
Rafvirkjabraut	87	9	106	9	126	12	140	13	140	20		662
Sjúkraliðabraut	1	66	2	51		58	1	69	4	81	1	334
Snyrtibraut	2	109	1	88		83	1	120	1	119		524
samtals	566	653	536	554	550	545	586	612	611	602	9	

Tafla þrjú 3b sýnir fjölda nemenda í kvöldskóla á námsbraut eftir kyni frá árinu 2017 til ársins 2021. Mestur fjöldi nemenda á tímabilinu sækir nám á rafvirkjabraut, húsasmíðabraut og sjúkraliðabraut.

Tafla 3b.

Skripting nemenda á námsbrautir í kvöldskóla haust 2017–2021 greind eftir kyni.

Námsbrautir	2017	2018	2019	2020	2021
--------------------	-------------	-------------	-------------	-------------	-------------

	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kvk</i>	<i>samtals</i>								
<i>Húsasmiðabraut</i>	86	4	100	2	109	7	128	12	151	11		610
<i>Rafvirkjabraut</i>	108	6	102	10	123	8	146	11	167	10		691
<i>Sjúkraliðabraut</i>	1	60	3	72	10	104	15	147	22	157		591
<i>Stúdentspróf að loknu starfsnámi</i>	1			3	1		3	3	3	4	7	25
<i>Ótilgreind braut/Opin braut</i>	13	21	23	35	20	36	29	36	36	17		266
<i>Myndlistarbraut</i>			1								1	2
<i>Félagsví sindabraut</i>		2	1	4				1	2	2	2	14
<i>Íslenskubraut fyrir útlendinga</i>										8	3	11
<i>samtals</i>	209	94	232	124	262	158	322	211	390	208		

Samkvæmt töflu fjögur er viðvera að vori 2021 betri en að hausti 2021. Fleiri virðast þurfa leyfi að hausti 2021 en að vori 2021. Óútskýrð fjarvera nemenda er 13,6% á vorönn 2021 og 11% á haustönn 2021.

Tafla 4.

Viðveruskráning nemenda vorið 2021 og haustið 2021 (sem hlutfall af heildartímafjölda).

	<i>Vorið 2021</i>	<i>Haustið 2021</i>
<i>Mæting</i>	78,8%	75,9%
<i>Veikindi</i>	7,5%	10%
<i>Of seint</i>	0,9%	1,4%
<i>Leyfi</i>	0,7%	1,4%

Óútskýrð fjarvera	13,6%	11%

Í töflu 5 kemur fram brotthvarf nemenda haust og vor árin 2017 til 2021. Brotthvarf nemenda er minnst haustið 2018 eða 11,58%. Vorin 2019 og 2020 12%. Þetta er eftirtektarvert í ljósi sérstakra aðstæðna í Covid. Haustið 2021 er brotthvarf úr dagskóla 16,6%.

Tafla 5.

Brotthvarf nemenda í dagskóla haust og vor árin 2017 til 2021.

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2017	14,55	13	13,77
2018	11,58	16	13,79
2019	13,68	12	12,84
2020	12,18	12	12,09
2021	16,60	13,3	14,95

Tafla 5b sýnir brotthvarf nemenda í kvöldskóla haust og vor árin 2017 til 2021. Brotthvarf nemenda er minnst vorið 2017 eða 9,39%. Brottfall er mest haustið 2021 eða 14,7%. Þetta er eftirtektarvert í ljósi sérstakra aðstæðna í Covid.

Tafla 5.b.

Brotthvarf nemenda í kvöldskóla haust og vor árin 2017 til 2021.

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2017	11,31	9,39	10,34
2018	12,21	13	12,61
2019	12,49	14	13,25
2020	13,8	14	13,9
2021	14,7	11	12,85

Tafla sex sýnir fjölda brautskráðra vorin 2017 til 2021 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir af rafvirkjabraut eða 111. Árið 2017 eru brautskráðir nemendur 161, árið 2018 157, árið 2019 178, árið 2020 172 og árið 2021 171. Alls hafa brautskráðst 839 nemendur frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti frá árinu 2017. Námstími kemur fram í súluriti 1.

Tafla 6.

Fjöldi brautskráðra vorin 2017–2021 á hverri námsbraut og alls

Námsbraut	SKS br.	2017	2018	2019	2020	2021	Samtals	Próf
Starfsbraut	SD2, STBR	8	5	10	9	8	40	Lokapróf á starfsbraut
Framhaldsskólabraut	FRBR	18	17	18	18	16	87	Framhaldsskólapróf
Handíðabraut	LI2	3					3	Eins árs próf
Fata- og textílbraut	FATB LH2	6	8	5	2		21	Stúdentspróf
Myndlistarbraut	LM, LS, MYLB	14	8	15	7	15	59	Stúdentspróf
Nýsköpunarbraut	NYSB				1	1	2	Stúdentspróf
Félagsvíndabraut	FE, FÉLV	15	25	15	9	5	69	Stúdentspróf
Hugvísindabraut	HUGV og MB	6	1	1		2	10	Stúdentspróf
Íþróttabraut	IP, IPRB	8	8	7	1	1	25	Stúdentspróf
Náttúruvísindabraut	NA, NATV	7	8	10	1	2	28	Stúdentspróf
Opin braut	OPBR		3	13	20	17	53	Stúdentspróf
Tölvubraut	TÖL, TÖLB	1	3	3	6	11	24	Stúdentspróf
Húsamiðabraut	HÚ8 HUSB	11	20	20	25	15	91	Burtfararpróf í húsasmíði
Rafvirkjabraut	RK8, RAFV	13	22	24	26	26	111	Burtfararpróf í rafvirkjun
Snyrtibraut	SN8, SNYR	8	10	11	10	10	49	Burtfararpróf í snyrtifræði
Sjúkraliðabraut	HH2, SJUK	16	8	11	12	12	59	Sjúkraliðapróf
Sjúkraliðabréu	HB, SJUB	5	1	1	5	10	22	Sjúkraliðapróf
Nám að loknu starfsnámi	SS2, STUD	22	10	14	20	20	86	Stúdentspróf
Samtals		161	157	178	172	171	839	

Tafla 7 eitt sýnir að flestir nemendur ljúka námi á fjórum til átta önnum, samanber innsend gögn frá Fjölbraitaskólanum í Breiðholti.

Tafla 7. Námstími nemenda við brautskráningu vorið 2021

Annir	Fjöldi
2	6
3	4
4	10
5	19
6	30
7	17
8	26
9	18
10	13
11	4
12	7
13	1
14	2
15	7
16	3
17	2
23	1
25	1
Samtals	171

Tafla átta sýnir meðalstærð námshópa vorið 2021 og haustið 2021. Meðal stærð hópa í dagskóla vorið 2021 er 13,42 nemendur, og 20,12 nemendur í kvöldskóla. Haustið 2021 er meðal stærð hópa í dagskóla 13,33 og 19,77 í kvöldskóla. Rétt er að benda á að hópastærðir i verknámi, listnámi og starfsbraut eru lægri en í bóknámi enda geta færri nemar stundað þetta nám samtímis.

Tafla 8.

Meðalstærð námshópa vor 2021 og haust 2021

	2021V-Dagskóli	2021V-Kvöldskóli	2021H-Dagskóli	2021H-Kvöldskóli
Bóknám	17,35	27,04	17,25	24,22
Verknám	11,98	17,61	11,54	17,97
Listnám	11,35		11,75	
Starfsbraut	7,46		6,73	
Meðalstærð	13,42	20,12	13,33	19,77

Starfsmenn

Í skipuriti Fjölbautaskólans í Breiðholti kemur fram að í yfirstjórn skólans eru fimm starfsmenn, skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, kennslustjóri og fjármálastjóri. Kynjaskipting yfirstjórnar er fjórar konur (skólameistari, áfangastjóri, kennslustjóri, fjármálastjóri) og einn karl (aðstoðarskólameistari) í samtals 5 stöðugildum. Yfirstjórn og níu millistjórnendur (6 fagstjórar, 2 forstöðumenn og kynningarstjóri) mynda stjórnendahóp sem fundar vikulega og ræðir málefni skólans. Kynjaskipting í stjórnendahópnum er: ellefu konur og þrír karlar.

Starfsmenn skólans eru 149 og þarf af 88 konur og 61 karlar. Stöðugildi í kennslu í dagskóla og kvöldskóla eru 110. Kennrar eru 60 konur og 50 karlar. Allir kennrar nema sex eru með kennsluréttindi í grein sinni.

39 starfsmenn sinna öðrum störfum í skólanum sbr. töflu 9.

Í níu koma fram upplýsingar um starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni haustið 2021.

Tafla 9.

Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2021

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari			1	100%
Aðstoðarskólameistari	1	100%		
Aðstoðarskólameistari í leyfi	1	100%		
Áfangastjóri			1	100%
Kennslustjóri			1	100%
Fjármálastjóri og ritari			2	200%

Framhaldsskólakennari/-ar	48	4.479,5%	54	4.908,7%
Framhaldsskólakennrarar í leyfi			2	200%
Leiðbeinandi/-ur	2	183,5%	4	350%
Þroskaþjálfí			1	100%
Bókasafn/upplýsingaver			1	100%
Náms- og starfsráðgjafi			3	300%
Sálfraðingur			1	50%
Námsaðstoð			1	100%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%		
Umsjón tölvukerfis	1	100%		
Matráðar			2	200%
Sérfr. á fjármála- og rekstrarsviði			3	300%
Starfsmenn í Fab Lab	1	100%	2	200%
Skólaliðar	2	145%	9	900%
Stuðningsfulltrúar	1	70,83%	1	100%
Aðrir	2	tímavinna	1	tímavinna
Samtals	61	5.478,83%	88	8.108,7%

Við Fjölbautaskólann í Breiðholti starfa 110 kennrarar þar af hafa 104 kennsluréttindi en 6 eru án þeirra. Allir hafa lokið háskólaprófi eða fagprófi. Í hópi kennara hafa 40 meistarapróf auk kennsluréttinda og 44 eru með BA/BS-próf auk kennsluréttinda. Þrír kennrarar hafa háskólapróf án kennsluréttinda, þrír kennrarar hafa aðra menntun án kennsluréttinda, þá hafa 20 lokið annarri menntun auk kennsluréttinda, eins og sjá má í töflu 10.

Tafla 10.
Menntun kennara haust 2021

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	0
PhD án kennsluréttinda	0
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	40
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	44
Háskólapróf án kennsluréttinda	3
Önnur menntun auk kennsluréttinda	20
Önnur menntun án kennsluréttinda	3

Samkvæmt skóladagatali Fjölbautaskólans í Breiðholti, þá er fjöldi skóladaga 180 og starfsdagar aðliggjandi skólaári fjórir. Skólaárið 2021 til 2022 miðaðist við 17. ágúst 2021 til 31. maí 2022.

Viðmið og vísbendingar

Páttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtoga eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogaþróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogaþer eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1.Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.a.m. Með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	M	S		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		SM		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		M	S	
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM			

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyn dir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slikt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtoga hlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	M	S		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	SM			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		M		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		S M		

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	M	S		
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	M	S		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		SM		

1.4 Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þáttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	S	M		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þáttöku allra hagsmunaðila skólasamfélagsins.		S	M	
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.		SM		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þroa skólann.		SM		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfnivíðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að örðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	S	M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	M	S		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	M	S		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	M	S		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	S	M		
27. Nemendur eru þjálfarðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		SM		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	M	S		

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.		SM		

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekstu að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitnesku um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		M	S	

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennrarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		SM		
35. Kennrarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennrarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	SM			
37. Kennrarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			SM	

2.5 Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að broska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		S	M	
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.		SM		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		SM		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		SM		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		S	M	
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótu skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1 Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólk ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarlíði.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	M	S		
45. Nemendum líður vel í skólanum.	M	S		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.		SM		

3.2 Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur sambætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	SM			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		SM		

3.3 Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmunu- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögum fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólaufund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.		SM		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	M	S		
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	M	S		

3.4 Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.		M		
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	SM			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	SM			

3.5 Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfelli og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepí. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepí í framhaldsskólaeiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	M	S		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.			SM	
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	SM			

Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólk skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.			SM	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	M	S		
64. Stjórnendur, kennrar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.			M	S
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.	S	M		
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		SM		

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskónum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þáttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1 Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullhægjandi hætti undir frekara nám og þáttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	S	M		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskónum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskónum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		M	S	
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		M	S	
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	SM			
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	SM			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		M	S	
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		SM		

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færí á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.			S	M
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.			SM	
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Fjölbautaskólans í Breiðholti á vorönn 2022. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtoga eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogaþróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogað eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Stefnumótun

Fjölbautaskólinn í Breiðholti (FB) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 með áorðnum breytingum frá árinu 2012 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Fjölbautaskólinn í Breiðholti var fyrsti fjölbautaskólinn á Íslandi, stofnaður 4. október 1975 og hefur frá upphafi unnið að virkri tengingu bók-, verk- og listnáms á framhaldsskólastigi. Kvöldskóli FB hefur starfað frá árinu 1981 og um áratuga skeið starfrækti skólinn Sumarskóla en starfsemi hans lagðist af árið 2019. Merki skólans er marggreina trú með stórri krónu og breiðum stofni. Tréð vísar til þess hversu traustur og fjölbreyttur skólinn er og hin breiða braut vitnar um gott aðgengi að námi.

Stefna og markmið skólans eru sett fram í skólanámskrá og birt á heimasíðu skólans. Stefnumskrá FB byggir á sýn skólans, gildum, hlutverki, stefnumiðum og árangursmælikvörðum. Á vorönn 2021 var tekin upp vinna að nýri stefnumótun skólans í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, en skólinn tekur þátt í skólaneti UNICEF. Stefnumótunin var unnin á starfsdegi kennara, á stefnumótunardögum allra starfsmanna og á skólfundi nemenda. Ný og endurskoðuð stefna skólans var síðan samþykkt á kennarafundi í lok skólaárs 2021. Sýn skólans er að efla einstaklinga til að skapa kærleksríkt sjálfbært samfélag. Gildi FB eru VIRÐING – FJÖLBREYTNI – SKÖPUNARKRAFTUR og hlutverk hans er að mennta nemendur til lokaprófs úr framhaldsskóla.

Stefnumið FB eru:

- Við leggjum áherslu á frið, lýðræði, réttlæti, jöfnuð og jafnrétti.
- Við vinnum saman að góðum námsárangri allra nemenda.
- Við menntum nemendur til að stuðla að sjálfbærni og virða líf og umhverfi.
- Við stuðlum að vellíðan og valdeflingu nemenda og starfsfólks.
- Við leggjum áherslu á góða samvinnu, hvetjandi og nærandi samskipti.
- Við iðkum, kennum og hlúum að nýsköpun.
- Við ræktum góð tengsl út á við og vinnum með nærsamfélagi skólans.

Markmiðin í skólastarfinu eru að hver deild skólans setji sér markmið til þriggja ára með hliðsjón af því hvernig áherslur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna móta sýn, hlutverk og stefnumið skólans. Markmiðin eiga að endurspeglar skólastarfið og skulu þau endurskoðuð árlega.

Til að mæla hversu vel skólanum hefur tekist að uppfylla stefnumið skólans er í undirbúningi að mæla þætti er tengjast stefnumiðum og birta niðurstöður reglulega. Til þessa hefur FB sett sér 7 árangursmælikvarða

1. Fjöldi nemenda sem tekur þátt í sjálfboðnum samfélagsverkefnum ár hvert.
2. Fjöldi námseininga sem nemendur ljúka. Hlutfall milli lokinna og skráðra námseininga. Hlutfall áfanga sem nemendur dagskóla ljúka með fullnægjandi árangri. Hlutfall útskrifaðra af heildarnemendafjölda skólans.
3. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Heildarmagn úrgangs. Endurvinnsluhlutfall.
4. Fjöldi námseininga í íþróttum sem nemendur ljúka með fullnægjandi árangri. Fjöldi námseininga sem nemendur ljúka í félagsstörfum. Fjöldi nemenda og kennara sem notar vistvænar samgöngur (ganga, hjóla, almenningssamgöngur).
5. Meðalfjöldi starfsmanna sem mætir á skólaþróunarfund. Starfsánægja í Stofnun ársins og Starfsmannapúlsinum. Líðan nemenda skv. Skólapúlsinum.
6. Fjöldi nemenda sem tekur þátt í MeMa. Fjöldi skráður í Fab Lab áfanga. Fjöldi sem tekur þátt í jólakortasamkeppni FB. Fjöldi sem setur upp lokasýningu á listnámsbrautum.
7. Fjöldi erlendra samstarfsverkefna. Fjöldi nemenda sem fer í skiptinám/starfsnám erlendis ár hvert. Fjöldi nemenda sem skráðir eru á námssamning/ferilbók í verk- og iðnnámi.

Langtímaáætlanir og stefnumið eru kynnt á kennarafundi við upphaf hverrar annar en þangað eru allir starfsmenn boðaðir.

Á heimasíðu skólans má finna stefnur og áætlanir einstakra málaflokka en sett hafa verið stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem ná yfir ýmsa þætti skólastarfsins. Þær eru kennslufræðileg stefna FB, jafnréttisáætlun en skólameistari tilnefnir jafnframt jafnréttisfulltrúa, jafnlaunaáætlun en skólinn fékk skírteini jafnlaunavottunar í nóvember 2020, alþjóðastefna og við skólann starfar alþjóðafulltrúi, persónuverndarstefna en skólinn er með samning við lögfræðing utan skólans sem vinnur með þau mál sem upp koma. Áætlun gegn einelti og forvarnar- og heilsustefna en FB en heilsuskóli skv. viðmiðum Landlæknisembættis og forvarnardagur er haldinn á hverri önn þá starfa tveir félagsmála- og forvarnarfulltrúar við skólann auk teymis um heilsueflandi framhaldsskóla. Öryggisstefna og öryggisnefnd er innan skólans, umhverfisstefna en í umsögn Umhverfisstofnunar fékk skólinn hrós fyrir vel unna stefnu, viðbragðsáætlun og rýmingaráætlun. Áfallaáætlun er aðgengileg á innri vef skólans (TEAMS) og áfallaráð er í skólanum. Þá hefur samskiptasáttmáli verið í innleiðingarferli í FB. FB hefur lokið 5 þrepum í Grænum skrefum ríkisstofnana og mikill áhugi er innan skólans að virkar umhverfisstjórnunarkerfi Grænna skrefa.

Í þriggja ára stefnumiðaðri áætlun skólans fyrir árin 2022-2024 sbr. 31. grein laga um opinber fjármál koma fram áherslur skólans fyrir ofangreint tímabil. Um er að ræða þrjú markmið sem ná til kjarnastarfsemi (A) og önnur þrjú er lúta að rekstrarþáttur (B), þau eru:

A1. Að fjlga nemendum í verknámi og jafna kynjadreifingu.

Stærstu aðgerðir eru nýbygging verknámsaðstöðu við Hraunberg og áframhaldandi markaðssetning á verknámstilboðum með kynjajöfnun að leiðarljósi

A2. Að bæta námsrárangur og námsframvindu nemenda.

Stærstu aðgerðir eru þróun núverandi bókasafns, námsvers og vinnustofu nemenda í átt að alhliða námssamfélagi nemenda og kennara og þróun víðtæks stuðning fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

A3. Að hlúa að velliðan nemenda og stuðla að jöfnuði.

Stærstu aðgerðir eru áframhaldandi starf sálfræðings í 50% starfi, framhald tilrauna við að innleiða hugrækt/núvitund í skólastarfið og að þróa áfram umsjón, markþjálfun (coaching) og fóstrun (mentoring) handa nemendum skólans

B1. Efla gæðastjórnun.

Helstu aðgerðir eru áframhaldandi innleiðing ISO-staðalsins, persónuverndarlaga, skjalastjórnun og útbúa og þróa gæðahandbók

B2. Auka starfsánægju.

Helstu aðgerðir eru innleiðing á samskiptasáttmála og að viðhalda jafnlaunavottun.

B3. Stuðla að kolefnislausri framtíð.

Helstu aðgerðir er áframhald á endurgerð líðar, hjóreiðaskýli og hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla, virkja umhverfisstjórnunarkerfi Grænna skrefa og móta stefnu um samskipti og ferðalög í erlendu samstarfi.

Athygli vekur að skólinn vinnur markvisst að framgangi þessara markmiða skv. stefnumiðaðri áætlun skólans þó covid hafi vissulega haft áhrif á þetta eins og margt annað í skólastarfinu.

Fjölbautaskólinn í Breiðholti er einn fárra framhaldsskóla á Íslandi sem er UNESCO skóli en það felur í sér langvarandi samkomulag og samvinnu milli skólans og UNESCO, þar sem skólinn innleiðir verkefni tengdum einhverju af fjórum þemum UNESCO-skóla: **alþjóðasamvinna, starfsemi Sameinuðu þjóðanna, heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun og/eða friður og mannréttindi.** Í máli skólameistara kom fram að það væri vilji til þess innan FB að setja heimsmarkmiðið inn í kennsluáætlunar en stefnumótunarvinna var í anda Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðið fela í sér valdeflingu þeirra sem starfa við stofnunina.


Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu. Stefnur skólans bera vitni um metnað og vilja til árangurs. Að tryggja að stefnur birtist í daglegu starfi getur verið flókið en með markvissum aðgerðum, verkefnastjórum, nefndum/ráðum og teymum hefur vel tekist til við að halda utanum einstaka stefnumið og tryggja að unnið sé eftir stefnunum í daglegu skólastarfi. Það kom þó fram í máli skólameistara að þó mikill vilji væri til þess að fylgja eftir öllum stefnum skólans þá hægðu stjórnsýslulegar skyldur og mannfæð á framkvæmd þeirra. Gildi skólans eru þó mjög sýnilegi í starfi hans og taldi skólameistari að unnið væri eftir þeim í öllu skólastarfinu jafnt meðvitað sem ómeðvitað. Þá yrðu grunnþættir menntunar sífellt

sýnilegri í skólastarfinu jafnt í stefnumótun sem og áfangalýsingum. Á sjálfsmatsfundum er stefna skólans metin og endurskoðuð reglulega og sjá má niðurstöður þeirrar vinnu í sjálfsmatsskýrslum síðustu ára sem birtar eru á heimasíðu skólans.

Stjórnskipan og stjórnendur

Skipurit FB skýrir myndrænt uppyggingu og tengsl þeirra sem starfa innan skólans og tengjast skólanum utan hans. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er rekinn undir yfirstjórn menntamálaráðherra

Mynd 1



Samkvæmt skipuriti eru tveir í yfirstjórn skólans þ.e. skólaameistari og aðstoðarskólaameistari en í hópi stjórnenda eru jafnframt áfangastjóri, fjármálastjóri og kennslustjóri.

Skólaameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf og stefnumiðaða áætlun til þriggja ára milli skólans og ráðuneytis. Skólaameistari hefur yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og rekstri. Hann ber ábyrgð á að öll starfsemi sé í samræmi við aðalnámskrá og að fylgt sé árlegri fjárhagsáætlun skólans. Við stjórnun skólans er lögð áhersla á lýðræðislega og

sanngjarna stjórnunarhætti, þar sem kappkostað er að veita starfsmönnum og eftir atvikum nemendum, virka hlutdeild í stjórnun skólans og ákvörðunum. Í sjálfsmatsferli skólans kom fram að skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogaþlutverki. Fram kom hjá viðmælendum að skólanum væri vel stjórnað, skólameistari væri drífandi og hrifi fólk með sér. Fagleg forysta væri mjög góð, skólameistari sýndi ákveðna festu og væri einstaklega vel að sér í stjórnenda- og kennslufræðum. Traust til skólameistara hefði aukist á undangengnum árum og gott væri að leita til hans. Það kom fram hjá skólameistara að fjölbreytnin í FB væri kjarni skólastarfsins og það að „maður getur verið maður sjálfur“. Fram kom hjá forystumönnum nemenda að samstarf við stjórnendur skólans væri gott og mál þeirra alltaf skoðuð en þau eiga fund með skólameistara einu sinni í viku og hafa gott aðgengi að öllum stjórnendum skólans.

Stjórnendateymið FB fundar tvisvar í viku um innri málefni skólans og einu sinni í viku með fagstjórum. Þá eiga skólameistari og aðstoðarskólameistari stuttan fund daglega. Fram kom hjá öllum stjórnendum að teymisvinna stjórnendahópsins gangi mjög vel og að þau vinni vel saman. Andrúmsloftið væri gott, mikid samráð og samskipti og verkaskipting skýr. Upplýsingastreymi frá stjórnendafundum er í formi fundagerða sem vistaðar eru á innra neti skólans og birtar á TEAMS svæði starfsmanna en nú er unnið að því að taka skref í átt að meiri deilingu upplýsinga og ábyrgðar innan stjórnendahóps skólans með því t.d. að fagstjórar taka nú starfsmannaviðtöl og taka þar með meiri ábyrgð sem fylgir stjórnun. Þó kom fram hjá rýnhópi viðmælenda að tölvupóstum væri ekki alltaf svarað og ætti það jafnt við um stjórnendur. Unnið er að mannauðsstefnu og starfsmannahandbók og koma allir starfsmenn og nemendur að þessari vinnu.

Í könnun SFR – stofnun ársins árið 2020 kemur fram að heildarniðurstaða samantektar um stjórnun FB í könnuninni er 4,44 sem er vel yfir öllum stofnunum í könnuninni (4,10) og einnig stofnunum með yfir 100 starfsmenn (4,0). Í sömu könnun fyrir árið 2021 sem framkvæmd var í nóvember og desember árið 2021 og kynnt nú í mars 2022 hafði heildarniðurstaða samantektar um stjórnun í FB lækkað umtalsvert eða í 4,08 sem er svipað og meðaltal stjórnunar allra stofnana í könnuninni (4,09) en nokkuð yfir meðaltali stofnana með yfir 100 starfsmenn (4,0). Þessi niðurstaða kemur matsmönnum á óvart þar sem almennt kom fram í viðtölu við starfsmenn FB að stjórnun skólans væri góð og að viðhorf til stjórnenda og traust hefði aukist á undangengnum árum. Því er hins vegar ekki að leyna að skortur á húsnæði til kennslu, einkum í verknámsgreinum eftir mikla fjölgun verknámsnema, og ónóg vinnuaðstaða kennara skólans getur vissulega haft áhrif hér á. Vinnuaðstaða skólans fær að meðaltali 3,54 í áðurnefndri könnun sem er töluvert undir heildarmeðaltali allra stofnana (3,91) og stofnana með yfir 100 starfsmenn (3,81).

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans og rekstur. Aðstoðarskólameistari er í eins árs afleysingu fyrir þann sem sinnir starfinu sem er í námsleyfi. Það kom fram í máli hans að verkaskipting stjórnenda byggði að nokkru á hefðum en starfið væri mjög fjölbreytt. Aðstoðarskólameistari nefndi að fjölbreytni einkenni skólann frekar en nokkuð annað og öllum væri mætt á þeirra forsendum. Hann taldi mikla þróun hafa átt sér stað með covid og áríðandi væri að vinna enn frekar með Fablabið. Þá minnti hann á að skólahúsnæðið væri orðið 50 ára gamalt og víða þyrfti að uppfæra kennsluaðstöðu. Miklar vonir væru bundnar við nýtt smiðju-hús sem verið hefur í undirbúningi. Einnig væri áhugi fyrir því að praktísera grænu skrefin betur s.s. að fara betur með orku og búa til umhverfisvænni skóla og þannig feta skólastarfið nær grænum skrefum í ríkisrekstri.

Áfangastjóri heldur utan um námsferla og námsástundun, innritun og útskriftir allra nemenda skólans ásamt fjölmörgu öðru. „Önnin er varla byrjuð þegar skipulag næstu annar hefst“ lýsir starfinu vel sagði áfangastjóri. Áfangastjóri sagði samvinnu innan skólans góða, andrúmsloftið væri gott og lítið um vandræði innan stofnunarinnar. Nemendur væru jákvæðir og glaðir og allir fá að vera eins og þeir eru. Áfangastjóri taldi mikla bót af því að ráðinn var kennslustjóri sem gæti sinnt skólapróun og þeim verkefnum sem aðrir stjórnendur hefðu vart komist í.

Fjármálastjóri heldur utan um fjármál skólans, starfsmannamál og rekstrarleg málefni. Í máli fjármálastjóra kom fram að starfið nær yfir flest svið rekstrar, launamál, ræstingu, erlent samstarf, umsjón fasteigna, kynningarmál o.fl. þá situr fjármálastjóri í samstarfsnefnd um útfærslu kjarasamninga. Fjölþætt innkaup eru fyrir skóla eins og FB með margar verk- og listnámsbrautir og innkaupakort hafa viðgengist en í auknu mæli eru innkaup í reikningsviðskipti þar sem eru rammasamningar. Reynt væri að fylgja grænum skrefum í innkaupastefnu. Fagstjórar skrifa upp á alla reikninga og reikningar væru yfirfarnir af skólamestara. Fjármálastjóri situr vikulega fundi með stjórnendum skólans og gengur samstarfið mjög vel, hvort sem er við stjórnendur eða kennara. Í FB eru ekki innheimt nemendafélagskjöld en skólinn styrkir nemendafélagið og allir nemendur því í nemendafélaginu. Skólinn sér um bókhaldið fyrir nemendafélagið og hvetur það til góðra verka.

Starf kennslustjóra er nýtt við FB en kennslustjóri er jafnframt fagstjóri bóknáms. Ráðið var í starfið til eins árs sem þróunarverkefni og ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhaldið. Kennslustjóri heldur utan um skólapróun, „við höfum gert skólapróun sýnilegri“ boðið er upp á fyrillestra og greinar um skólapróun sem notaðar eru til umræðu meðal kennara. Áfangarýni þar sem verknámskennrar rýna bóknámsáfanga og bóknámskennrar rýna verknámsáfanga út frá ákveðnum forsendum. Heimsmarkmiðin hafa verið kynnt og grunnþættir náms skoðaðir en kennrar eru meðvitaðir um að þeir fari inn í námið þó ekki séu sérstakir áfangar um grunnþætti. Þá er hvatning til kennara að sækja sér símenntun sem þeir almennt gera og oft innan sinna fagfélaga.

Við FB starfa 6 fagstjórar á starfbraut, rafvirkjabraut, húsasmíðabraut, sjúkraliðabraut, snyrtibraut og listnámsbraut sem ráðnir eru til tveggja ára í senn í 30% eða 50% starf. Þeir leiða faglegt starf og samstarf kennara, halda utanum skipulag á námi og kennlu á viðkomandi námsbrautum ásamt fjölmörgu öðru sem snýr að kennlu og námi á viðkomandi brautum skv. starfslýsingu. Fram kom hjá fagstjórum að ráðningartíminn væri knappur og æskilegra væri að þetta væru 3-4 ár. Samstarf innan hópsins væri gott og það sama ætti við um samstarf við forystu skólans en fundað er vikulega með öllum stjórnendum. Upplýsingastreymi frá stjórnendum til starfsmanna mætti þó vera enn betri en e.t.v. ættu þeir þar hlut að máli. Hjá fagstjórum kom fram að ekki hefðu orðið miklar breytingar á námskrám en innihald áfanga hefur þó breyst m.a. hefðu umhverfisvitund og græn skref komið inn í námið. Þá væri alls staðar lögð áhersla á grunnþætti náms og væru þeir í vaxandi mæli að koma inn í áfangalýsingar. Þá vildu fagstjórar leggja áherslu á að námsmat væri vissulega skoðað og notað til að bæta kennsluhætti þar sem það á við. Fagstjórum var umhugað um bætta aðstöðu til náms og kennlu enda hefði orðið mikil fjölgun nemenda á flestum verknámsbrautum sbr. sjá töflu 3. Þá væri starfsaðstaða fagstjóra ekki góð og sama ætti við um vinnuaðstöðu kennara. Prýst hefði verið á að taka upp INNU kennsluerfi í stað Moodle en það virkaði ekki eins vel og væru kennrar ekki sáttir með það. Loks áréttuðu fagstjórar að FB ætti að vera fjölbraudtaskóli og togstreita milli bóknáms og

verknáms ætti ekki að vera til, en væri það samt. Vinnustaðurinn væri þó frábær, mikið að gera, mikil samvinna og eining innan hópsins.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar og eru tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt en formaður stýrir fundum. Í máli formanns kom fram að rekstrarstaða skólans væri yfirleitt rædd á hverjum fundi en annars væri farið yfir ráðningar starfsmanna, skiptingu nemenda í deildir og breytingar á námskrá. Þá hefðu húsnæðismálin verið ofarlega á döfinni og unnið hefði verið að því að fá stækkan á smiðjunni. Verknámsbrautir þyrftu meira plássa enda námið vinsælt. Þá væru fleiri nemendur af erlendum uppruna í skólanum en viðast hvar og hefur skólinn þurft að takast á við það. Þá kom fram í máli formanns að Fablabið væri rekið í samstarfi við Reykjavíkurborg og væri opið fyrir alla sem áhuga hefðu á þróunarvinnu en það væri lyftistöng fyrir skólann. Í máli formanns kom fram að stefnumótunarvinna hefði lítið verið inni á borði skólanefndar en stefnumótunarvinna hefur verið kynnt á nefndarfundum en formaður taldi skólameistara hafa stýrt því verkefni af krafti. Samstarf við stjórnendur skólans gengur mjög vel og skólameistari er mjög duglegur að fá fólk með sér í ákvarðanatöku t.d. kom formaður skólanefndar að ráðningu aðstoðarskólameistara. Hvað varðar framtíðarsýn skólans taldi formaður að stækkan húsnæðis og góð tengsl út í nærsamfélagið væru mikilvæg, einnig að skólinn gæti sinnt hlutverki sínu sem fjölbautaskóli og áhersla væri á fjölbreytileikann.

Innra mat

Í framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008 er í kafla VII fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og í reglugerð nr. 700/2010 eru löginn útfærð. Framhaldsskólar skulu með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal samofið starfsemi skólans og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skólans. Það skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins.

Við Fjölbautaskólann í Breiðholti er unnið að því að skapa heildstætt sjálfsmatskerfi fyrir skólann en stefnt er að því að nota 9001 staðalinn. Þeirri vinnu var þó frestað vegna vinnu við persónuverndarstefnu, skjalastjórnun og jafnlaunastaðal. Matið hefur því grundvallast á könnunum og umræðu um þróun árangursmælikvarða. Innra matið hefur byggt á almennum viðhorfskönnunum meðal nemenda í skólanum, á kennslumati allra áfanga skólans og í þriðja lagi niðurstöðum skólaufunda sem og tölfraði úr skólastarfinu.

Umsjón með innra mati FB er í höndum yfirstjórnar skólans og gæðaráðs. Þá hefur verið starfandi gæðastjóri í hlutastarfi. Gæðaráð fundar reglulega bæði á haustönn og vorönn. Á þeim fundum er unni að stefnumótun í gæðamálum og farið yfir helstu atriði í skólastarfinu hverju sinni. Gæðaráð setur upp árlega aðgerðaráætlun/matsáætlun yfir verkefni skólaársins sem falla undir innra mat. Í því kemur fram heiti á verkefnum, í hvaða mánuði\mánuðum verkefnin eiga að fara fram\klárást, athugasemdir varðandi þau, hverjir sjá um úttekt, hverjir bera ábyrgð og hver aðkoma gæðaráðs er. Í yfirliti skólaársins 2021-2022 eru sett upp 20 mismunandi verkefni.

Á hverri önn fer fram kennslumat þar sem kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennaranum og þeirri kennslu sem þeir fá í einstaka áföngum. Athugasemdir og niðurstöður kannana eru síðan ræddar við kennara í starfsmannaviðtölum í lok haust- og vorannar. Viðhorfakannanir til ýmissa þáttar er varða skólastarfið fer fram reglulega og gefur innsýn inn í afstöðu nemenda til FB. Á vorönn 2019 var framkvæmd könnun á aðstæðum og viðhorfum nemenda í FB til skólans og starfsemi hans. Könnunin var lögð fyrir í gegnum INNU og var svarhlutfall 31,7 %.

Í FB eru skólaufundir haldnir tvisvar á skólaárinu, eða á haust- og vorönn. Viðfangsefni skólaufunda er ákveðið í skólaráði sem er samráðsvettvangur skólastjórnenda, nemenda og kennara. Á haustönn 2018 var skólaufundur haldinn 8. nóvember og tóku nemendur fyrir eftirfarandi umræðuefni:

1. *Hvað er hægt að gera til að bæta aðbúnað í kennslustofunni sem þið eruð í núna? Vinsamlegast tilgreinið stofnúmer.*
2. *Hvað er hægt að gera til að stuðla að hugrækt í FB?*
3. *Hvað getum við gert til að nýta eyðuna á miðvikudögum betur?*

Á haustönn 2019 var skólaufundur haldinn 7. nóvember og tóku nemendur fyrir eftirfarandi umræðuefni:

- 1 *Viljið þið sjá FB taka þátt í Gettu betur og Morfís?*
- 2 *Hvað er hægt að gera til að auka þátttöku nemenda í forprófum og inntökuprófum í Gettu betur og Morfís?*
- 3 *Hvaða viðurlög eða refsingar ættu að vera við brotum á skólareglum? (Athugið sérstaklega að viðurlög og refsingar við brotum á skólareglum verða að vera raunhæf)*

Vegna samkomubanns féllu skólaufundir niður á vorönn 2020 og haustönn 2020.

Á vorönn 2021 var skólaufundur haldinn 11. mars og tóku nemendur fyrir loftslagsmál og heimsmarkmið SP. Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. *Hvað getum við gert?*
2. *Hvað getur FB gert sem stofnun? (aðgerðaáætlun FB)*

Árlegar niðurstöður eru birtar í sjálfsmatsskýrslu skólans sem birt er á heimasíðu FB.

Fjölbautaskólinn í Breiðholti er meðal þátttakenda í könnuninni Ungt fólk, sem lögð var fyrir í október 2020. Sérstök áhersla í könnuninni var á líðan nemenda á tínum covid. Þá tekur FB þátt í könnuninni Stofnun ársins sem er framkvæmd af SFR og lögð fyrir opinberar stofnanir hjá ríki og sveitarfélögum en niðurstöður ársins 2021 voru kynntar nú í mars. Fjölbautaskólinn í Breiðholti tók einnig þátt í Skólapúlsinum í apríl 2021. Könnunin spyr úrtak nemenda í skólanum spurninga um námsumhverfi þeirra, virkni og líðan.

Sjálfsmatsskýrsla skólans er gefin út árlega og birt á heimasíðu skólans. Skýrslan er yfirlit yfir þau verkefni sem í gangi hafa verið það skólaárið og sýnir mikilvægi þess að halda úti öflugu gæðastarfi.

Styrkleikar

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu, sýn og gildi sem endurspeglast í starfi hans
- Stefna skólans byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- Víðtækt samráð innan skólans við gerð stefnuskjala
- Öflugir stjórnendur og mikið samráð og samvinna í stjórnendateymi
- Aukið traust ríkir til skólameistara
- Virkt kerfi fagstjóra og kennslustjóra
- Fast skipulag á skólastarfi
- Skólafundir eru haldnir reglulega með þátttöku nemenda
- Aðgengi að stjórnendum er gott
- Metnaðarfull loftlagsstefna
- Formleg starfsmannasamtöl
- Lögð er áhersla á þróunarverkefni
- Skólanefnd er öflugur bakhjarl stjórnenda og skólans
- Niðurstöður markmiða stefnumiðaðrar áætlunar birt í ársskýrslu
- Ársskýrslur og sjálfsmatsskýrslur eru aðgengilegar á vef

Tækifæri til umbóta

- Samráð við skólanefnd og foreldra við móton stefnu skólans
- Setja upp heildstætt gæðakerfi fyrir skólan, gæðastefnu og rekstrarhandbók
- Nýta árangursmælikvarða og birta niðurstöður í ársskýrslu eða sjálfsmatsskýrslu
- Endurmeta ráðningartíma og starfsaðstöðu fagstjóra
- Auka samstarf bók- og verknáms innan skólans

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Nám og kennsla

Í skólanámskrá Fjölbautaskólans í Breiðholti (FB) kemur fram að námið er sniðið að breiðum hópi nemenda. Jöfn áhersla er á bóknám, listnám og verknám. Grunngildi skólans virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur eru að leiðarljósi í námi og kennslu. Í FB er jöfnum höndum kennt í dagskóla og kvöldskóla, og áhugi á kvöldskólanum virðist vera að aukast. Uppbygging námsbrauta tekur mið að lokamarkmiðum námsins um þekkingu, leiki, og þá hæfni sem nemandinn skal hafa tileinkað sér þegar hann lýkur prófi, að jafnaði eftir þriggja ára nám. Námsbrautir skólans falla undir kennlusvið bóknáms, listnáms, verknáms og stuðningsnáms. Bóknámsbrautir eru félagsvínsindabraut, íþróttabraut, náttúruvínsindabraut, opin braut og tölvubraut. Verknámsbrautir eru húsasmíðabraut, rafvirkjabraut, sjúkraliðabraut og snyrtibraut. Listnámsbrautir eru fata- og textílbraut, myndlistarbraut og eins árs braut í nýsköpun, hönnun og listum. Stuðningsbrautir eru starfsbraut, framhaldsskólabraut og íslenskubraut fyrir útlendinga.

Í máli kennara kom fram að mikil áhersla er á að kennsluáætlanir séu vel gerðar. Kennslustjóri setti Heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna inn í áfangalýsingar sem er nýmæli í FB sem leggur áherslu á heimsmarkmiðin í nýendurskoðaðri stefnu sinni. Í skólanum er lögð áhersla á að nýta til fulls kosti áfangakerfisins og fjölbreytt námsframboð til þess að nemendur geti fundið sér nám við hæfi. Áfangakerfið eykur ábyrgð nemenda á eigin námi og námsvali. Ábyrgðin þroskar þá og gerir um leið hæfari til þátttöku í síbreytilegu lýðræðisþjóðfélagi samtímans.

Þá kom fram í máli kennara að fjölbreytni er mikil í kennsluaðferðum en að greinarnar stýri mjög hvaða aðferðir til kennslu eru notaðar. Upplýsingatæknin er mikið notað bæði INNA og Moodle en prófagerð er erfið í INNU og Moodle er þá frekar notað. Í flestum námsgreinum er mikið um hópavinnu og reynt að fá nemendur til að vinna sjálfstætt. Smart töflur eru notaðar t.d. í stærðfræðikennslu. Þá hefur hlaðvarp verið notað í kennslu. Í raungreinum kom fram að endurnýja þyrfti tækjakost í raungreinastofum. Í máli nemenda kom fram að kennsla væri ólík eftir námsföngum það væri bóklegt og verklegt, vinnubækur og verkefnavinna. Þau nefndu sérstaklega að í verklegum greinum væri vinnan oft metin og mikil áhersla á góð vinnubrögð og að í verklegum áföngum væri ekki mikil hópavinna heldur meiri áhersla á einstaklingsvinnu. Þau nefndu að í félagsvíndum ynnu þau mikið saman en þar væri einnig töluverð heimavinna. Á listnámsbrautum sögðu nemendur „kennrarar búast við mjög miklu af okkur og gera miklar kröfur“. Nemendur voru sammála um að í FB væri kennslan yfirleitt góð og að kennrarar legðu sig alla fram.

Í viðhorfskönnun sem fram fór í skólanum á vorönn 2019 kom fram að nemendur virðast hafa tiltrú á náminu í skólanum. Þannig segja yfir 50% að námskröfur séu miklar og mjög fáir eru því ósammála. Nemendur telja að námið á þeirra braut veiti þeim góða menntun (80%), sé vel skipulagt (57%) og að það sem þeir læri í einni námsgrein nýtist í öðrum greinum (71%). Í kennslukönnun sem fram fór á haustönn 2019 kom fram að mikill meirihluti nemenda er sammála eða mjög sammála að kennarinn sýni þeim virðingu (90%), hjálpi þeim að ná árangri í náminu (85%) og finnst kennslan vera gagnleg (82%).

Stuðningur við nemendur

Undir nemendaþjónustu í FB fellur náms- og starfsráðgjöf, bókasafn og vinnustofa, félagsmála- og forvarnarfulltrúar, markþjálfi, námsaðstoð, sálfræðingur, umsjónarkennarar og stuðningur við erlenda nemendur. Þá er í undirbúningi samstarf við heilsugæsluna vegna hjúkrunarfæddings. Af þessu má sjá að mikil áhersla er lögð á öfluga nemendaþjónustu innan skólans enda voru nemendur og starfsmenn skólans sammála um að vel væri haldið utanum nemendur í FB. Skv. skipuriti skólans er forstöðumaður nemendaþjónustu sem leiðir faglegt samstarf sérfræðinga á sviði nemendaþjónustunnar. Þá eru reglulega fundir með nemendaþjónustunni og stjórnendum skólans þar sem rædd eru einstök mál.

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafa er að styðja nemendur á faglegan hátt í málum sem tengjast námi þeirra og einkalífi og þroska hæfni þeirra við að velja og taka ákvörðun um framtíð sína í námi og starfi. Fram kom hjá náms- og starfsráðgjöfum að nemendur nýti sér vel þjónustu þeirra hvað varðar námið, líf sitt og líðan. Þá eru náms- og starfsráðgjafar í samstarfi við námsráðgjafana í grunnskólunum og FB býður öllum 10 bekkingum í morgunverðarkynningu. Þeir eru einnig í samstarfi við Hringsjá og Vinnumálastofnun um nám sem hentar skjólstæðingum þeirra. Náms- og starfsráðgjafar hafa samband við kennara og stjórnendur skólans fyrir hönd nemenda ef á þarf að halda og eru í samstarfi við foreldra eða forráðamenn nemenda yngri en 18 ára. Fram kom hjá náms- og starfsráðgjöfum að því miður væri alltaf hópur nemenda sem ekki mætti nægilega vel og væri ekki að sinna náminu sem skildi. Þeir nefndu að það væru líklega fleiri á yfirstandandi önn en áður í framhaldi af Covid. Þannig virðist sumum henta betur að vera frekar heima en takast á við námið í samstarfi við aðra. Náms- og starfsráðgjafar sögðu samskipti við stjórnendur skólans góð og reglulegir fundir með nemendaþjónustu.

Bókasafn skólans er með blandaða þjónustu og skólinn á góðan bókakost. Bókasafnið er upplýsingaver og þangað sækja nemendur FB mikið að sögn forstöðumanns safnsins. Safnið er vel staðsett, rúmgott og snyrtilegt þar sem í boði er námsver, námsaðstoð og tölvuvagnar, þá geta nemendur fengið tölvur til útláns innan skólans. Fram kom hjá forstöðumanni að sifellt væri verið að vinna með tíðarandann með það að markmiði að bæta þjónustuna. Nemendur voru sammála um að bókasafnið væri mjög gott og þjónustan þar fin.

Sálfræðingur er í 50% starfi við skólann og eru nemendur hvattir til að nýta sér þjónustu hans. Markþjálfinn er verktaki sem sinnir nemendum eftir beiðni frá þeim en hann hefur líka farið inn í námshópa þar sem unnið er með samskiptin almennt og skólabraginn. Umsjónarkennarar með nýnemum vinna í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa og taka foreldraviðtöl og sinna samskiptum við nýnema

Á hverju ári hefja margir nemendur af erlendum uppruna nám við Fjölbautaskólann í Breiðholti og er kappkostað að mæta námsþörfum þeirra. Við upphaf náms eru þeir boðaðir í móttökuviðtal ásamt

foreldrum eða forráðamanni. Umsjónarkennari fylgist með námsframvindu og veitir ráðgjöf og vísar á frekari þjónustu innan skólangs ef þörf er á. Nemendur sem hafa litla sem enga kunnáttu í íslensku eru hvattir til þess að hefja nám í skólanum á íslensku braut fyrir útlendinga. Þannig fá nemendur tækifæri til þess að læra sem mest í íslensku áður en annað nám á framhaldsskólastigi hefst.

Námsmat

Námsmati í Fjölbautaskólanum í Breiðholti er ætlað að meta hvernig nemanda hefur gengið að tileinka sér námsmarkmið í áfanga. Í kennsluáætlun hvers áfanga kemur fram hvernig námsmati er háttáð. Það skal kynnt nemendum í upphafi annar. Einkunnir eru gefnar í heilum töluum frá 1 til 10. Einkunnin 10 vísar til þess að 95-100% markmiða hafi verið náð og einkunnin 5 vísar til þess að 45-54% náms markmiða hafi verið náð. Lágmarkseinkunn í áfanga er 5. Nemandi telst ekki hafa staðist áfanga þegar einkunn er lægri og fær því ekki að taka næsta áfanga á eftir. Nemanda er heimilt að útskrifast með einkunnina 4 eða D ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Ekki er heimilt að hafa fleiri en tvær slíkar einkunnir á lokaprófskírteini. Þessir áfangar gefa ekki einingar og veður nemandi því að afla annarra eininga í stað þeirra. Ef fall í einum áfanga á loka önn kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast má hann endurtaka prófi þeim áfanga. Nemandinn öðlast ekki þennan rétt fyrr en ljóst er að hann hafi náð fullnæggjandi árangri í öðrum áföngum á loka önn. Nemendur eiga ekki rétt á endurtektar prófi í símatsáföngum ef á áfangalýsingu eða kennsluáætlun, sem nemendur fá í upphafi annar, er skýrt tekið fram að námsmatið byggist á símati sem nemendur verði að standast. Útkoma námsmats er markvisst notuð til að bæta kennsluhætti.

Kennrarar

Við skólann starfa 110 vel menntaðir kennara þar af hafa 40 meistarapróf auk kennsluréttinda, 44 eru með BA/BS-próf auk kennsluréttinda, 20 hafa lokið annarri menntun auk kennsluréttinda, 3 hafa háskólapróf án kennsluréttinda og 3 hafa aðra menntun án kennsluréttinda, eins og sjá má í töflu 10. Náms- og starfsráðgjafar eru einnig kennaramenntaðir og hið sama gildir um bókasafnsfræðing skólangs og forstöðumann námsvers sem er sérkennari að mennt. Skólinn greiðir sjúkraliðum á stofnunum sem taka við sjúkraliðanemum laun samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi þeirra. Kennrarar skólangs eru sérfræðingar í þeim greinum sem þeir kenna og leggja sitt af mörgum til að gera FB að lifandi lærðómssamfélagi. Námsframboð er fjölbreytt og kennsla fer fram á mörgum mjög ólíkum sviðum. Starfsemin er sniðin að breiðum hópi nemenda, og undirbúningsnám, fjölbreytt starfsnám, listnám og bóknám endurspeglar fjölbreytileika skólasamfélags Fjölbautaskólangs í Breiðholti. Kennrarar eru hvattir til að vinna þróunarstarf hver á sínu sviði og sækjast eftir endurmenntun til að auka nýbreytni og faglegan metnað. Í máli kennara kom fram að gott væri að vinna í FB, „vinnustaðurinn væri frábær“ og samstarf innan fagdeilda væri oftast mikið og gott. Almennt væri mikið að gera, mikil samvinna og eining innan hópsins. Þó kom fram hjá kennurum að það skorti stundum á að „menn tækju samtalið“ og áttu þá við kennara og stjórnendur. Í því samhengi var rætt um fækkun nemenda í bóknámi og áhyggjur kennara af minna kennslumagni á því sviði. Þá væri vissulega þróngt setinn bekkurinn í sumum deildum og áríðandi að fá aukið húsnæði í verknámi. Þá væri vinnuaðstaða kennara og fagstjóra ekki nægjanlega góð og tækjakostur í raungreinum kominn til ára sinna.

Námsgögn



Fjölbautaskólinn í Breiðholti býr yfir ágætum tækjabúnaði og aðstöðu til náms fyrir flestar brautir skólans þó vissulega þurfi tækjabúnaður að endurnýjast jafnt og þétt. Sérstaklega var tekið fram að sjúkraliða og snyrtifræði og almennt aðstaða til íþrótt- og heilbrigðisgreina væri mjög góð. Það sama má segja um búnað til verklegs náms í textíl, bóklegs og verklegs náms í rafvirkjun og húsasmíði. Skólinn notar námsumsjónarkerfin INNU og Moodle með virkum hætti til að miðla námsefni, áfangalýsingum og upplýsingum um kennda áfanga.

Það kom fram hjá kennurum að námsefni væri misjafnt eftir námsgreinum frá því að vera eldgömul bók yfir í mjög gott efni. Kennrarar væru duglegir að uppfæra og bæta við efni í takt við tíðarandann en eftir námskrábreytinguna árið 2015 hefði margt kennsluefnir þarfnað endurskoðunar til samræmis við nýjar áfangalýsingar. Töluvert af efni væri komið á rafrænt form t.d. í formi talglæra og myndbanda en kennrarar voru sammála um að meira fjármagn vantaði í námsefnisgerð fyrir framhaldsskóla. Mikið námsefni þarf að búa til innan skólans sérstaklega fyrir efri áfanga og þá helst námsefnið ekki endilega í takt við nýja tækni eða reglugerðabreytingar.

Fram kom hjá forstöðumanni bókasafns að safnakostur væri góður en sífellt væri meira leitað eftir rafrænu námsefni og upplýsingum. Á bókasafninu eru tölvur sem nemendur geta nýtt sér við upplýsingaleit og verkefnavinnu. Þráðlaust öflugt netkerfi er í öllu skólahúsnæðinu opið fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendur geta nýtt eigin tölvur eða snjalltæki til að komast á netið.



Styrkleikar

- Uppsetning námsbrauta er skýr
- Boðið upp á nám í kvöldskóla
- Kennsluáætlanir eru upplýsandi
- Námsmat er fjölbreytt
- Vel menntaður, öflugur kennarahópur
- Nemendabjónusta FB er yfirgripsmíkil og öflug
- Kennrarar leitast við að bæta sig í starfi
- Móttaka nemenda af erlendum uppruna fagleg
- Kennrarar eru hvattir til þróunarstarfa og símenntunar
- Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar
- Námsumsjónarkerfin INNA og Moodle almennt notuð
- Vinnufriður í kennslustundum er góður
- Grunnþættir náms eru hafðir að leiðarljósi
- Heimsmarkmið koma fram í kennsluáætlunum
- Aðstaða á bókasafni til náms, stuðnings og upplýsingaöflunar góð

Veikleikar

- Erfitt að virkja nemendur sem gengið hafa í gengum Covid tímabilið
- Ýta undir ákveðnari þátttöku nemenda í tímum
- Auka samtal kennara og stjórnenda um breytingar/þróun skólastarfs
- Ófullnægjandi námsgögn, búnaður og hjálpartæki í sumum áföngum

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótu skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Skólabragur og líðan

Í stefnumiðum Fjölbautaskólans í Breiðholti er lögð áhersla á allir í skólanum sýni hver öðrum virðingu, háttvísí og prúðmennsku. Að samskipti séu hvetjandi og samvinna góð. Undir heiti „virðingar, vellíðan og velferð“ hefur skólinn sett fram áhersluatriði til að auka vellíðan nemenda en þau eru;

- *Bjóða kennslu kl. 8.30 á morgnana*
- *Bjóða hollt fæði í mótneyti og hafragraut á morgnana*
- *Leggja áherslu á hreyfingu með hléæfingum og fjölbreyttum íþróttum*
- *Stunda hugrækt, með öndun, slökun og hugleiðslu*
- *Veita námsstuðning eftir þörfum*
- *Hafa greiðan aðgang að náms- og starfsráðgjöf*
- *Aðstoða nemendur við námsval*
- *Ráða umsjónarkennara og fóstra*
- *Bjóða HAM-námskeið*
- *Bjóða „Mindfulness“-námskeið*
- *Veita sálfræðibjónustu í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts*

Þá segir jafnframt að nemendur og starfsfólk bera ábyrgð á því að rækta góðan skólabrag. Með því að sýna hvort öðru virðingu aukum við jafnrétti og vinsemdu samfélagini. Og með því að veita hvert öðru stuðning, hrós, tíma og athygli getum við átt þátt í því að gera góðan skóla enn betri.

Í máli skólameistara kom fram að skólabragur, samveran og vellíðan væri kjarni starfseminnar og að í FB geti nemendur verið þeir sjálfir. Gildi skólaus voutu sýnileg og umgengni góð. Skólasamfélagið einkennist af fjölbreytni. Í rýnhópum nemenda voru nemendur sammála um að í FB líði þeim vel og töldu að þeim sem liði ekki vel væri vegna ytri aðstæðna frekar en vegna skólaus. Þau töldu skólabraginn jákvæðan en þó væri erfitt að koma inn eftir Covid. Fram kom hjá náms- og starfsráðgjöfum að nemendur skólaus töluðu um að í FB væri pláss fyrir alla. „Þú getur verið eins og þú ert“. Það væri mjög mikil fjölbreytni í skólanum og að kennrarar vinni vel með nemendum. Þá voru viðmælendur almennt sammála um að mjög gott væri að vera og vinna í FB og að starfsandi væri góður.

Í kennslumati á haustönn 2020 var mikill meirihluti nemenda sammála eða mjög sammála að kennarinn sýni þeim virðingu (88%), hjálpi þeim að ná árangri í náminu (82%) og finnst kennslan vera gagnleg (77%).

Á haustönn 2019 var mikill meirihluti nemenda sammála eða mjög sammála að kennarinn sýni þeim virðingu (90%), hjálpi þeim að ná árangri í náminu (85%) og finnst kennslan vera gagnleg (82%).

Á vorönn 2019 fór fram viðhorfskönnun til ýmissa þátta er varða skólastarfið og til að gefa innsýn inn í afstöðu nemenda til FB m.a. var spurt um líðan nemenda í skólanum en 85% svarenda segja að kennarar sýni þeim virðingu og hið sama gildi um samnemendur (74%). 71% nemenda líður vel í kennslustundum og 73% líður vel í frímínútum. 57% segjast yfirleitt fá hrós ef þeir geri eitthvað vel. Um 44% segja að námið hafi aukið þeim sjálfstraust (14% eru ósammála og 41% óviss). Á vorönn 2020 þótti ekki ráðlegt að leggja fyrir hefðbundna viðhorfskönnun en þess í stað var framkvæmd könnun um áhrif samkomubanns á nám og líðan nemenda í FB sérstaklega með tilliti til fjarnáms og starfsemi hans við þessar aðstæður. Könnunin var lögð fyrir í gegnum INNU og var svarhlutfall 53,9%. Meirihluti nemenda fannst sér ganga vel að stunda nám í fjarnámi, þó sagðist fjórðungur nemenda eiga erfitt með að vera í fjarnámi þá sagði einnig fjórðungur nemenda að þeim liði mjög eða frekar illa.

Í skólareglum Fjölbautaskólans í Breiðholti er lögð áhersla á að „Allir í skólanum skulu sýna hver öðrum virðingu. Sýna ber háttvísi og prúðmennsku hvar sem komið er fram í nafni skólans.“

Eitt af markmiðum FB hefur verið að auka svarhlutfall í könnuninni Stofnun ársins. Árið 2020 náðist það markmið, þar sem svarhlutfallið var 71% og þar með marktækt. Í stefnu ríkisaðila til þriggja ár er eitt af markmiðum skólans að auka starfsánægju starfsmanna og þau gögn sem eru lögð til grundvallar er könnunin Stofnun ársins. Í viðmiði í stefnunni fyrir 2020 hefur skólinn sett sér það markmið að annars vegar verði einkunn fyrir starfsanda ekki undir (4,3) en einkunnin var 4,45. Hinsvegar að heildareinkunn fari ekki undir (4,0) en einkunnin var 4,16. Þá var einkunn fyrir ánægju og stolt með vinnustaðinn (4,57).

Fjölbautaskólinn í Breiðholti hefur sett sér samskiptasáttmála í 8 köflum

Viðmót -

Yfirskrift kaflans er; Tökum vel á móti nemendum, forráðamönum og samstarfsfólki á hverjum degi. Höfum í huga að fyrstu kynni eða upphaf dags hafa áhrif á allt sem á eftir kemur. Sýnum hlýlegt viðmót, tillitssemi og hjálpsemi frá upphafi. Kurteisi kostar ekkert.

Virðing -

Yfirskrift kaflans er; Allir eiga skilið virðingu og að vera teknir alvarlega. Allar raddir eiga að fá að heyrast og allir hlekkir keðjunnar skipta máli. Þetta á jafnt við um nemendur, forráðamenn og allt samstarfsfólk.

Fagmennska -

Yfirskrift kaflans er; Við erum fagfólk. Gætum að faglegri ábyrgð í öllum okkar verkefnum. Temjum okkur yfirvegaða og faglega framkomu og byggjum upp traust. Kynnum okkur málin vel, leyfum fólk i að taka þátt, svörum erindum, virðum trúnað og faglegt verklag.

Umhyggja -

Yfirkrift kaflans er; Sýnum nærgætni og hluttekningu í samskiptum. Höfum í huga að nemendur geta átt erfitt og samstarfsfólk glímir við sín vandamál líka. Setjum okkur í spor annarra og sýnum þeim skilning og nærgætni

Skilningur -

Yfirkrift kaflans er; Gefum okkur tíma til að hlusta og spryra. Það hjálpar okkur við að skilja mál áður en við tökum ákvarðanir og gefum ráð. Upplýsum fólk á skýran hátt svo ekkert skolist til.

Hreinskilni -

Yfirkrift kaflans er; Látum í okkur heyrast ef öryggi eða meðferð nemenda er í ólagi eða ef vellíðan samstarfsfólks er í hættu. Ekki þegja. Setjum gagnrýni fram á málefnalegan hátt og þökkum fyrir ábendingar. Hrósum því sem vel er gert.

Jafnræði -

Yfirkrift kaflans er; Gætum jafnræðis í samskiptum og þjónustu. Framfylgjum regluverki á sama hátt fyrir alla, óháð bakgrunni, stétt eða stöðu. Vanvirðing, hroki, áreitni eða einelti á ekki að viðgangast í Fjölbautaskolanum í Breiðholti, né önnur óæskileg hegðun.

Viðbrögð -

Yfirkrift kaflans er; Ef þú upplifir brot á sáttmálanum er mjög mikilvægt að láta „gerandann“ vita af því sem allra fyrst. Við getum ekki lært nýja hegðun ef enginn aðstoðar okkur við að sjá það sem betur má fara.

Af ofangreindu má sjá að skólinn hefur sett sér skýra stefnu, samskiptasáttmála og skólareglur um samskipti og vinnulag innan skólans. Í Viðtöllum kom fram að starfsmenn og nemendur þekktu almennt til skólareglina og að samskipti innan skólans væru góð. Nemendur sögðu að skólareglurnar væru sanngjarnar og lítið mál væri að fara eftir þeim.

Samskipti í skólastofunni

Í rýnihópum nemenda töldu flestir að kennsluhættir væru nokkuð fjölbreyttir þó það væri mismunandi eftir kennurum og áföngum. Samskipti við kennara og innan hópa væru yfirleitt jákvæð en námið væri mikið og erfitt. Mikið væri um verkefnaskil og nauðsynlegt að vera á tánum og skila verkefnum jafnt og þétt. Námsefnið væri mikið rafrænt í INNU eða Moodle sem væri mjög gott og aðgangur að talglærum væri sérstaklega hjálplegt. Nemendur töldu kennsluna yfir höfuð góða þar sem kennrarar leggja sig oft alla fram en nemendur taka ekki nægilega þátt. Það geti verið erfitt að vera í gunnáföngum en þegar lengra líði á námið er virkni nemenda meiri. Vinnufriður í tímum væri mikill og e.t.v. of mikill þar sem algjört hljóð ríkti í flestum bóklegum tímum hjá yngi nemendum. Þó væru einstaka kennara sem fengju þau til að tjá sig. Verknámsnemar töldu að stemmingin væri öðrvuvið og meira talað saman.

Eins og fram kemur í kennslukönnunum skólans undangengin ár er það mikill meirihluti nemenda sem er sammála eða mjög sammála að kennarinn sýni þeim virðingu (90% árið 2019), hjálpi þeim að ná árangri í náminu (85% árið 2019) og finnst kennslan vera gagnleg (82% árið 2019). Þá leggur samskiptasáttmálinn sterkan grunn að framkomu þeirra sem vinna í skólasamfélagi FB. Í siðareglum kennara skólans eru undirstrikaðir nokkrir þættir s.s. sýna nemendum virðingu, áhuga og umhyggju, skapa góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi og loks mennta nemendur.

Félagslíf nemenda

Nemendafélag skólans, NFB, vinnur að félags-, hagsmunu- og velferðarmálum nemenda. Stjórn NFB sem kallað er nemendaráð er skipuð formanni, varaformanni, markaðsstjóra, skemmtanastjóra og meðstjórnanda. Nemendaráð sér um daglegan rekstur félagsins og hefur yfirumsjón með öllu sem gerist á þess vegum. Helstu viðburðir eru nýnemakvöld, böll, árshátíð og árshátíðarvika, spilkvöld og kvíkmyndakvöld þá er íþróttaviðburður einu sinni í mánuði og Sæludagar sem eru á vorönn. Á Sæludögum er kennsla brotin upp og ýmiss konar tilboð fyrir nemendur innan skólans og utan. Sæludögum lýkur með árshátíð nemendafélagsins. Nýnemaferð, forvarnadagur og skólaufundur eru viðburðir sem skólayfirvöld og nemendafélagið undirbúa saman. Stjórn nemendafélagsins var sammála um að helstu verkefnin í félagslífini væri að vera lifandi og halda nóg af viðburðum. Þau voru einnig á einu máli að í Covid hefði verið erfitt að hvetja nemendur til að taka þátt í félagslífi þar sem nemendur vilja frekar vera heima en taka þátt i félagsstarfi. Stjórn NFB sagði að þau hefðu fína aðstöðu í skólanum sem þau væru ánægð með. Almennt væri mjög gott samstarf við forystu skólans og þau funda með skólameistara einu sinni í viku þá starfar félagsmála- og forvarnarfulltrúi með þeim. Það væru ekki innheimt nemendafélagsgjöld en skólinn veitti þeim styrk. Þau væri í óvissu með fjárhagsstöðuna, en hún væri góð eftir Covid, og þau væru að vinna fjárhagsáætlun í samráði við fjármálastjóra.

Þá kom fram hjá stjórn NFB að það væri starfandi hagsmunaráð nemenda sem í sætu 9-13 nemendur og reynt væri að fá fulltrúa frá hverju sviði skólans í hagsmunaráð. Ráðið fundar mánaðarlega og er milliliður nemenda og nemendafélags og forystu skólans.

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Í FB er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra og forráðamenn með kynningarfundum, viðtölum og reglulegri upplýsingagjöf. Fyrir upphaf skólagöngu eru forráðamenn ólögráða nemenda boðaðir í viðtöl með nemendum og aftur eftir að miðannarmat liggur fyrir. Foreldrar ólögráða nemenda geta sótt sér aðgang að INNU þar sem þeir geta séð stundaskrá, fjarvistir, einkunnir, verkefnaskil, miðannarmat og námsferla barna sinna. Þá geta foreldrar skráð veikindi inn í INNU.

Þá er starfandi foreldraráð sem í sitja þrír fulltrúar foreldra og fulltrúi skólans. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í máli fulltrúa foreldraráðs kom fram að aðeins hefði verið einn fundur í foreldraráði vegna Covid og starfið hefði farið fram í gegnum tölvupósta. Ætlunin hefði verið að fá forvarnarfyrirlestra en það hefði fallið niður sökum ástandsins. Fulltrúi foreldra er boðaður á fundi í skólanefnd. Fulltrúi foreldraráðs taldi styrkleika skólans felast í því að einstaklingurinn fær að njóta síni því sem viðkomandi hefur áhuga á. Aðstaða í verklegu námi væri þróng og hefði ekkert breyst síðan viðkomandi var nemandi fyrir 20 árum síðan. Áríðandi væri að fá nýja smiðju enda væri breytt viðhorf nemenda og foreldra til verknáms. Fulltrúi foreldraráðs sagði starfsfólk og kennara FB góða í mannlegum samskiptum og hafa reynst nemendum vel.

Samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Fjölbautaskólinn í Breiðholti á í góðum tengslum við grunnskóla hverfisins. Þannig býður FB upp á áfanga fyrir grunnskólanemendur og þá geta grunnskólanemendur nýtt sér opið aðgengi að Fablabinu. Íþróttahúsið við Austurberg er nýtt jafnt af FB og Hólabrekkuskóla sem stendur við hlið FB. Kynning á námi í FB meðal grunnskólanemenda og forráðamanna er reglulegur þáttur í starfi skólans og á haustin býður FB nemendum í 10. bekk í grunnskólum í Breiðholti til morgunverðar þar sem þeir frá kynningu á skólanum og á vorönn er opið hús í FB. Náms- og starfsráðsgjafar FB funda með grunnskólum hverfisins um málefni nemenda sem færast á milli skólastiganna. Þá tekur FB þátt í sameiginlegum kynningum framhaldsskólanna á námi. Kynningarstjóri skólans skipuleggur þessa viðburði.

Áhersla er lögð á að eiga í góðu samstarfi við nærsamfélag skólans í Breiðholti og tekur starfsfólk FB þátt í samvinnu um málefni Breiðholtshverfisins. Þá á skólinn í samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts og Breiðholtsbylgjan er sameiginlegur endurmenntunardagur stofnana hverfisins að hausti. Í gegnum samfélagsþjónustuverkefni nemenda hafa skapast tengsl við ýmsar stofnanir og fyrirtæki í nágrenni skólans s.s. félagsstarfið í Gerðubergi, leikskóiana Bakkaborg, Hólaborg og Jöklaborg, Seljahlíð heimili aldraðra, Skógarbæ, Dýraspítalann í Víðidal og Kattholt.

Í FB fer fram formleg starfsmenntun húsasmiða, rafvirkja, sjúkraliða og snyrtifræðinga. Hér á landi fer námið að stærstum hluta fram innan veggja skólans. Skólinn leggur því ríka áherslu á að að vera í góðum tengslum við atvinnulífið og er það hlutverk fagstjóra verknámsdeilda að fylgjast með nýjungum í efnis- og tækjanotkun og breyttum færnikröfum á vinnumarkaðnum. Helstu tengsl FB eru við Rafiðnasamband Íslands, Trésmiðafélag Reykjavíkur, Byggiðn – Félag byggingamanna, Sjúkraliðafélag Íslands, Ríkisspítalar, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.

Alþjóðlegt samstarf

FB hefur sett sér alþjóðastefnu en þar segir að skólinn líti á alþjóðlegt samstarf sem leið til þess að bjóða verknám í hæsta gæðaflokki, styrkja ímynd skólans og stuðla að aukinni aðsókn að list- og starfsmennabraudum. Gagnkvæmar heimsóknir auka víðsýni og starfsgleði nemenda og starfsfólks. Alþjóðafulltrúi starfar við skólann í nánum samskiptum við fagstjóra og kennara og situr vikulega stjórnendafundi. Alþjóðafulltrúi sækir um styrki, finnur skóla og fyrirtæki, undirbýr ferðir og gengur frá pappírum. Erlent samstarf er vaxandi þáttur í starfsemi skólans og lögð er áhersla á að nemendum í verknámi gefist kostur á að taka hluta af starfsnámi sínu erlendis. Árið 2016 fékk skólinn svokallaða VET Mobility Charter vottun. Með vottuninni viðurkennir Landskrifstofa hæfni FB til að skipuleggja og framkvæma góð náms- og þjálfunarverkefni.

Styrkleikar


- Góður skólabragur
- Nemendum líður að öllu jöfnu vel í skólanum
- „Þú getur verið eins og þú ert“
- Virðing og umhyggja í skólastarfinu
- Góður vinnustaður, gott samstarf, jákvæðni og virðing
- Starfsfólk er ánægt í starfi og starfsandi mælist tölувert yfir meðaltali. (SFR)
- Starfsfólk er stolt af stofnuninni sem það vinnur hjá
- Samskiptasáttmáli til fyrirmynadar
- Nemendur eru stoltir af skólanum
- Góð samskipti við foreldra/forráðamenn
- Vel skilgreint félagslíf
- Stefnan, „Virðing, vellíðan, velferð“
- Góð tengsl við grunnskóla hverfisins
- Góð tengsl við atvinnulífið og samfélagið utan skólans
- Öflugt starf alþjóðafulltrúa og mikið erlent samstarf

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf líðan nemenda í skólanum eftir Covid
- Gera gildi skólans sýnilegri fyrir nemendur
- Setja aukinn kraft í félagslíf skólans, eftir Covid-19, og virkja fleiri nemendur til þátttöku

Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.



Mynd 3. Skipulag rýmis í Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

Á mynd þrjú má sjá skipulag rýma í aðalbyggingu FB við Austurberg en húsið er á þremur hæðum. Stærsti hluti þess er um 50 ára gömul bygging og hefur hýst skólann frá upphafi en nýbygging er við skólann sem m.a. hýsir mótneyti nemenda, Eldheima. Þá myndar nýbyggingin lokað garðsvæði með eldra húsinu þar sem skemmtilegt er að njóta góðra daga á haustin og vorin. Fram kemur á vefsíðu Fjölbautaskólans í Breiðholti að starfsemi skólans fer fram í þremur byggingum. Við Austurberg 5 stendur aðalskólahúsið og þar er kennsla í bóknámi, listnámi og verknámi. Við Hraunberg 6 stendur verknámshús þar sem fer fram verkleg kennsla í trúsmíði og myndlist. Við Austurberg 3 stendur íþróttahúsið sem þjónar nemendum Fjölbautaskólans í Breiðholti og Hólabrekkuskóla. Aðgengi að skólanum er gott og stöðva almenningsvarnar Strætó við FB.

Aðkoman að skólahúsinu er góð, en gengið er inn á aðra hæð hússins þar sem skrifstofur eru á hægri hönd. En til vinstri eru skrifstofur náms- og starfsráðgjafa og kennarastofa þar fyrir innan. Á annarri hæð er töluvert pláss fyrir almennt bóknám og bókasala skólans með aðstöðu. Þar er líka að finna aðstöðu fyrir kvöldskóla FB. Á fyrstu hæð skólahússins er frekari aðstaða til bóknáms, þar er Fablab (E-lab) staðsett, aðstaða fyrir húsvörð, listnám, bjartur matsalur nemenda, góð aðstaða fyrir nemendafélag

skólans (NFB), og svo töluvert kennslurými ætlað fyrir rafvirkjun. Á þriðju hæð skólahússins er vel búið bókasafn, frekari aðstaða til bóknáms, vel útbúnar kennslustofur í snyrtifræði og fyrir sjúkraliðanám. Aðstaða til listnáms fær gott pláss á þriðju hæð, en þar er líka að finna fyrilestrasali, námsver, og vinnustofu kennara.

Trésmíðadeildin er með aðstöðu í Hraunbergi 6 aðeins frá aðalskólabyggingu skólans. Vinnuvélar og tæki eru ágæt horfi, en þar er töluvert þróngt og lítið pláss milli stórra véla sem vekur upp spurningar um eftirlit og öryggi þeirra sem þar stunda nám.

Heildar fermetra fjöldi Fjölbautaskólans í Breiðholti er um það bil 12.000 fermetrar. Með nýrri skemmu undir vernámsgreinar, sem vonir eru bundnar við að verði byggðar fljótlega, bætast 2.400 fermetrar við.

FB rekur innan sinna veggja FabLab-smiðju í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Reykjavíkurborg. Þar gefst nemendum og almenningi kostur á að útbúa frumgerðir af hlutum sem þeir hafa teiknað og raungera þannig hugmyndir sínar með hjálp stafræns tækjabúnaðar eins og þrívíddarprentara, laserskera, fræsara og tölvuteikniforrita. Sífellt fleiri kennarar í FB nýta aðstöðuna í FabLab.

Mötuneyti fyrir nemendur og kennara eru rekin í skólanum. Matsalur nemenda er í nýbyggingu skólans en starfsfólks á kennarastofu. Skólinn leggur áherslu á notalegan aðbúnað í matsölum og að í boði sé hollt fæði á hagstæðu verði. Þá býður skólinn nemendum sínum hafragraut fjóra morgna í viku.

Kappkostað er að hlúa eins vel að nemendum og starfsfólk og frekast er unnt innan ramma þess fjármagns sem skólanum er úthlutað. Umsjónamaður fasteignar sér um að að húsnæði skólans sé í eins góðu lagi og mögulegt er en viðhald og endurnýjun á húsnæði skólans er í höndum Framkvæmdasýslu ríkisiseigna (FSRE). Umsjónamaður fasteigna minnti á að húsnæði er orðið 50 ára gamallt og kominn tími á ýmislegt s.s. loftræstikerfi í gömlu byggingunum. Þá þurfi móttaka og skrifstofa skólans uppfærslu og sama gildi um raungreinastofur. Tækjabúnaður skólans er í stöðugri endurnýjun, en verknámskennsla kallar á góðan tækjabúnað. Húsbúnaður er sumstaðar kominn til ára sinna en reynt er að endurnýja hann eftir því sem kostur er. Lögð er áhersla á gott viðhald á eignum og búnaði, góða umgengni og snyrtileika í rýmum skólans en mikil og stöðugt eftirlit fylgir stóru og miklu húsrými. Í vettvangsheimsókn kom í ljós að húsnæði skólans er aðlaðandi, snyrtilegt, vel við haldið og mætir þörfum skólans. Þá eru veggir skólans skreyttir með margvíslegum listaverkum m.a. eftir nemendur skólans. Hins vegar er nemendafjöldi mikill og oft þróngt um nemendur, þá sérstaklega í húasmíði og rafvirkjun. Kennslustofur í gánum eru notaðar til að mæta aðsókn í verknámsgreinar eins og rafiðnih. Aðstaða til náms fyrir heilbrigðisgreinar og í snyrtifræði er til fyrirmynnar. Íþróttaaðstaðan er ágæt og þjónar námsgreinum og nemendum skólans vel en í íþróttahúsini er löglegur handboltavöllur, fjórir körfuboltavellir, átta badmintonvellir, fjórir blakvellir og einn tennisvöllur.

Aðstaða nemendafélagsins er góð. Hins vegar þarf vinnuaðstaða kennara meira rými. Mötuneyti nemenda er í nýju húsnæði sem er bjart, snyrtilegt og er rými þar gott. Mötuneyti kennara á

kennarastofunni er ágætt en fram hafa komið tillögur um úrbætur frá kennurum. Boði er upp á ágæta og holla næringu í mótneytum skólans.

Stöðugt er unnið að því að uppfæra hugbúnað og tölvukost Fjölbautaskólans í Breiðholti. Í skólanum er þráðlaust net sem bæði kennrarar og nemendur hafa aðgang að. Í skólanum eru fimm tölvustofur og nokkrir tölvuvagnar auk tölva á bókasafni. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi eigin tölvur í skólanum. Allar upplýsingar um námsferil nemenda eru skráðar í Inn. Nemendur nota rafræn skilríki sem aðgang að Innunni. Námsstjórarkerfið Moodle er notað í skólanum. Þar má finna gögn sem kennrarar telja nauðsynleg nemendum, m.a. verkefni, glósur og gagnvirk próf. Skólinn er áskrifandi að menntaskýinu og geta nemendur hlaðið þeim forritum niður á tölvur sínar. Í upphafi annar fá nemendur sendar upplýsingar um lykilorð að Inn og dreifnámi (Moodle) og hvernig hlaða má niður Office pakkanum.

Leitast er við að tryggja nemendum og starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem fullnægir kröfum um öryggi, hollustu og vinnuvernd. Fjögurra manna öryggisnefnd starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46 frá 1980. Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, annast fræðslu til starfsfólks og hefur eftirlit með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Styrkleikar

- Snyrtilegt og aðlaðandi húsnæði
- Vel hugað að viðhaldi
- Almennt ágætur tækjabúnaður til kennslu
- Fab lab
- Gott mótneyti fyrir nemendur og kennara
- Vel útbúið bókasafn
- Opið námsver með sérkennara
- Aðstaða nemendafélags er góð
- Öryggisnefnd og áfallaráð
- Hugbúnaður og tölvukostur í stöðugri endurnýjun

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra kennslustofur í raungreinum
- Gera móttöku (anddyri) skólans meira aðlaðandi
- Endurbæta skrifstofur
- Bæta aðstöðu til verkgreinakennslu með byggingu skemmu fyrir húsasmíði og rafiðnir
- Auka rými fyrir vinnuaðstöðu kennara
- Endurnýja og auka vinnuaðstöðu fagstjóra
- Stöðugt viðhald á húsnæði sem er 50 ára gamallt

Lykilárangur

Framhaldsskónum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Námsárangur

Í skólastarfi er mikið unnið með tölulega mælikvarða og árangur má m.a. mæla úr frá námsárangri, útskriftarhlutfalli, mætingu og brotthvarfi. FB vinnur samkvæmt því markmiði stjórvalda að bjóða gæðamenntun fyrir alla. Fjöldi innritaðra nýnemenda í dagskóla FB er mestur árið 2017 eða 367 en minnstur árið 2019 eða 270 en meðaltal innritaðra nýnemenda sl. 5 ár er rúmlega 300. FB tekur árlega við hópi nema sem hefur hætt námi í öðrum skólum. Að meðaltali útskrifast um 170 nemendur árlega að vori en þá eru ótaldir þeir sem útskrifast í lok haustannar. Tafla sex sýnir fjölda brautskráðra nemenda vorin 2017 til 2021 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir af rafvirkjabraut eða 111 og húsasmíðabraut 91. Fjölbautaskólinn í Breiðholti hefur útskrifað 377 nýstúdenta á tímabilinu sem er til skoðunar. Alls hafa brautskráðst 839 nemendur frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti frá árinu 2017. Námstími kemur fram í súluriti 1. En þar kemur fram að flestir nemendur ljúka námi á fjórum til átta önnum. Dæmi eru um að nemendur útskrifist frá skólanum eftir frekar stutta námsvist, annars vegar, og hins vegar að loknum löngum námstíma. Skýringar má örugglega finna í því að nemendur hafi tekið sér hvíld frá námi eða þá að nemendur hafi verið komnir að því að ljúka námi og viljað útskrifast frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

Í sjálfsmatsskýrslu FB fyrir skólaárið 2020-2021 kemur fram að 73% nemenda ljúka áföngum sínum og standast prófbæði á haust- og vorönn. Rúmlega 13,5% hættu í áföngum sínum og 13,5% að meðaltali féllu. Um 27% nemenda ljúka ekki námi í þeim áföngum sem þeir voru skráðir í. Skólaárið 2019-2020 voru 75% nemenda sem luku áföngum sínum á haustönn 2019, 11% féllu og 14% hættu, en á vorönn 2020 voru 77% sem náðu að ljúka áföngum sínum, 11% féllu og 11% hættu. Það er athyglisvert að vorönn 2020 sker sig ekki úr fjölda nemenda sem luku dagsskóla með fullnægjandi árangri. Í stefnuskjali ríkisaðila er viðmiðið fyrir árið 2020 77% og á vorönn hefur því markmiði verið náð.

Í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára (2022-2024) er markmið FB að bæta námsárangur og námsframvindu nemenda og hefur skólinn skilgreint þrjá mælikvarða til að mæla árangur en það er; hlutfallt áfanga sem nemendur dagskóla ljúka með fullnægjandi árangri, hlutfall útskrifaðra af heildarnemendafjölda dag- og kvöldskóla og loks hlutfall nemenda sem útskrifast 20 ára og yngri vs. heildarfjölda útskrifaðra. Áhugavert verður að sjá niðurstöður þessara mælinga á næstu árum.

Árin 2018 til 2020 er brotthvarf frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti minna en árið 2017 þegar meðaltal brotthvarfs úr dagskóla var 13,77%, og árið 2021 þegar brotthvarf úr dagskóla var 14,95%. Vera má að

nemendum hafi reynst erfitt að takast á við hefðbundið skólastarf eftir þá einangrun sem Covid hefur fylgt. Meðaltal brottafells úr kvöldskóla fyrir árið 2017 er 10,34%, en 12,85% fyrir árið 2021. Þannig að það lítur út fyrir að kvöldskólanemendur komi betur undan Covid en nemendur í dagskóla. Þá ber þess að geta að FB er ólíkur mörgum öðrum skólum að því leyti að þangað koma margir nemendur úr öðrum skólum og því getur verið vandasamt hvernig brotthvarf er skilgreint og mælt í samanburði við aðra skóla.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta eru læsi, tjáning og samskipti, sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni (2011). Í rýnihópum kennara og fagstjóra kom fram að unnið er með grunnþætti náms í flestum ef ekki öllum námsgreinum. Samkvæmt stjórnendum og kennurum í rýnihópum þá er í öllum kennslugreinum í skólanámskrá leitast við að tvinna grunnþætti menntunar inn í námið og það er einnig reynt í skólastarfinu almennt m.a. í félagslífi nemenda. Þá hefur skólinn sett sér stefnur í einstökum málum/málauflokkum s.s. forvarnar- og heilsustefnu, jafnréttisáætlun, umhverfisstefnu, alþjóðastefnu, persónuverndarstefnu og samskiptasáttmála. Þessar stefnur styðja allar við grunnþætti menntunar og undirstrika vilja skólans til að vinna í anda þeirra. Þá er ljóst að sumir grunnþáttanna falla beint að sumum námsbrautanna. Þar má nefna verk- og listnámsbrautir sem byggja á skapandi framlagi og hljóta jafnframt að taka mið af sjálfbærni og meðvitund fyrir umhverfi og umhverfismálum. Í kennslufræðilegri stefnu skólans kemur fram að á öllum námsbrautum í FB sé lögð áhersla á að nemendur nái tökum á lykilhæfniþáttum aðalnámskrár.

Í vettvangsheimsókn í Fjölbautaskólann í Breiðholti bar samtal við nemendur með sér ríkan skilning á sjálfbærni og meðvitund um umhverfi sitt. Í gegnum starf nemendafélags skólans kom fram áhersla á lýðræði, jafnrétti og að nemendur gætu verið þeir sjálfir. Í heimsókn á listabraut og Fablab skólans var bersýnilegt að nemendur voru skapandi í hugsun, sýna frumkvæði og gátu hagnýtt sér þá þekkingu sem Fjölbautaskólinn í Breiðholti býður nemendum sínum. Í því samhengi hafa nemendur tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti. Það er hins vegar ljóst að menntamálayfirvöld hafa ekki sett neinn mælikvarða á grunnþætti náms og því getur verið erfitt að skilgreina að hve miklu leyti þeir endurspeglast í öllu skólastarfi.

Langtímaárangur

Þar sem Fjölbautaskólinn í Breiðholti kannar ekki með reglulegum hætti hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum er erfitt að segja til um langtímaárangur í þeim efnum. Hins vegar kom fram í samtölum við starfsmenn og kennrarar skólans, að nemendur sem hafa útskrifast úr Fjölbautaskólanum í Breiðholti hafa sett svip sinn á íslenskt atvinnulíf m.a. á kvíkmynda, myndlista og textíl umhverfið. Í vettvangsheimsókn í skólann er bersýnilegt að stjórnendur, starfsmenn, nemendur og kennrarar Fjölbautaskólans í Breiðholti eru vakandi fyrir samfélagslegri þróun, breyttum áherslum, kröfum og aðstæðum í íslensku samfélagi. Skólinn leggur áherslu á að vera í góðu samstarfi við nærsamfélagið í Breiðholti og hafa í gegnum samfélagsþjónustuverkefni nemenda skapast tengsl við ýmsar stofnanir og fyrirtæki í nágrenni skólans s.s. félagsstarfið í Gerðubergi, leikskólana Bakkaborg, Hólaborg og Jóklaborg, Seljahlíð heimili aldraðra, Dýraspítalann, Skógarbæ, þá er sameiginlegur endurmenntunardagur stofnana hverfisins.

Styrkleikar

- Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi í skólastarfinu: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi
- Vel fylgst með velferð nemenda
- Skólinn á í góðum samskiptum við nemendur sína
- Skólinn á í góðum samskiptum við nærumhverfi sitt
- Markmið í stefnumiðaðri áætlun fyrir árin 2022-2024
- Nemendur geta útskrifast af mörgum mismunandi brautum, jafnt í verknámi sem bóknámi
- Nemendur skólans setja svip á íslenskt samfélag eftir útskrift

Tækifæri til umbóta

- Vinna að því að draga úr brotthvarfi
- Skoða markvisst hvernig grunnþættir náms birtast í kennsluáætlunum og hver upplifun nemenda er af vinnu með grunnþætti náms í skólanum
- Skoða kerfisbundið hvernig nemendum vegnar að loknu námi í FB
- Hlúa að nemendum sem eiga erfitt með hefðbundið nám eftir Covid- einangrun

Heimildir og tilvísanir

- Gögn frá Fjölbautarskólanum í Breiðholti (FB) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsíði FB – <https://www.fb.is/>
- Árskýrlur FB 2018 til 2021
- Stefnuskjal FB frá 2022 til 2024
- Sjálfsmatsskýrlur FB 2018 til 2021
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, kennslustjóra, formann skólanefndar og fulltrúa foreldraráðs.
- Rýnihópar; fagstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, náms- og starfsráðgjafa gæðaráð og gæðastjóra og stjórnar nemendafélags.
- Kennsluáætlanir